



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Aldraðir og atvinna

Kostir og gallar þess að aldraðir stundi vinnu

Guðmundur Stefán Erlingsson

Leiðbeinandi Sigurveig H. Sigurðardóttir
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Aldraðir og atvinna
Kostir og gallar þess að aldraðir stundi vinnu

Guðmundur Stefán Erlingsson

151078-4199

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir
Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Aldraðir og atvinna

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Guðmundur Stefán Erlingsson

Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Rtgerð þessi er B.A. verkefni til 12 eininga í félagsráðgjöf í félags og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn í verkefninu var Sigurveig H. Sigurðardóttir. Tilgangur ritgerðarinnar er að varpa ljósi á atvinnuþátttöku aldraðra. Einnig að meta kosti sem og ókosti atvinnuþátttöku aldraðra bæði fyrir þá sem og samfélagið. Einnig verður umfang atvinnuþátttöku aldraðra kannað.

Til þess að rannsaka viðfangsefnið eru heimildir bæði innlendar og erlendar notaðar til þess að draga upp sem réttasta mynd af atvinnuþátttöku aldraðra. Að stunda vinnu á að vera hverjum manni sjálfsagt, bæði til þess að afla tekna og auk þess er atvinnuþátttaka aldraðra kostur fyrir samfélagið sem getur um leið nýtt sér krafta og þekkingu einstaklingsins. Engu að síður eru aldraðir, 67 ára og eldri í þeirri stöðu að möguleikar þeirra til þess að afla sér meiri tekna eru skertir með tekjutengingum. Aldraðir skipa mikilvægan sess í samfélagi okkar. Þeir búa yfir dýrmætri þekkingu sem skilar sér til samfélagsins með vinnuframlagi þeirra ásamt öðru framlagi til afkomenda sinna. Þar að auki er atvinnuþátttaka aldraðra lýðheilsumál, aldraðir eru virkari, í betri félagslegum tengslum og heilbrigðari stundi þeir vinnu. Aldraðir sem hafa ekki kost á því að stunda vinnu, ef þeir hafa áhuga á því eru líklegri til þess að verða fórnarlömb félagslegrar einangrunar og einmanaleika sem bitnar á andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.

Formáli

Ég vil byrja á að þakka konu minni Unni Hjaltadóttur fyrir aðstoð, góða ráðgjöf og samverustundir við lærdóm og ritgerðarskrif okkar beggja. Auk þess leiðbeinanda mínum Sigurveig H. Sigurðardóttir. Ritgerðin sem og námið í heild er búið að vera mikið lærdómsferli fyrir mig. Bæði hvað varðar málefni aldraðra, sem og þekkingu mína á hinum ýmsu afkimum félagsráðgjafarinnar. Einnig hef ég þurft að læra margt nýtt og bæta mig í mörgu því sem ég hef lært áður. Allir þeir sem aðstoðuðu mig við skrifin fá og bestu þakkir þó of langt mál sé að telja þá alla upp.

Barn.

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.

Tveir dökkklæddir menn
gengu fram hjá
og heilsuðu:

Góðan dag, litla barn,
góðan dag!

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.

Tvær ljóshærðar stúlkur
gengu fram hjá
og hvísluðu:

Komdu með, ungi maður,
komdu með!

Ég var lítið barn
og ég lék mér við ströndina.

Tvö hlægjandi börn
gengu fram hjá
og kölluðu:

Gott kvöld, gamli maður,
gott kvöld!

Steinn Steinarr

Efnisyfirlit

| | |
|--|------------|
| 1. Inngangur..... | 8. |
| 2. Fræðileg umfjöllun..... | 10. |
| 2.1 Aldraðir..... | 10. |
| 2.2 Atvinnumál aldraðra..... | 11. |
| 2.3 Fordómar í garð aldraðra..... | 12. |
| 2.4 Kenningar í öldrunarfræðum..... | 13. |
| 2.4.1. Kenningin um þrenns konar aldur..... | 14. |
| 2.4.2. Hlutverkakenningin..... | 15. |
| 2.4.3. Hlédrægniskenningin..... | 15. |
| 2.4.4. Athafnakenningin..... | 16. |
| 2.4.5. Samfellukenningin..... | 16. |
| 2.4.6. Proskakenning Ericsons..... | 16. |
| 2.4.7. Kenning Karl Jung..... | 17. |
| 2.4.8. Afturfaralíkanið..... | 17. |
| 2.4.9. Kenningin um öldrunarinnssæi..... | 18. |
| 3. Hlutverk aldraðra í samfélaginu..... | 20. |
| 3.1. Hlutverk aldraðra fyrr á tímum..... | 20. |
| 3.2 Hlutverk aldraðra í samfélaginu í dag..... | 21. |
| 4. Stefnumótum í málefnum aldraðra..... | 24. |
| 4.1 Upphaf stefnumótunar í málefnum aldraðra..... | 24. |
| 4.2 Aðlögun Íslands að jafnrétti og mannréttindum aldraðra..... | 25. |
| 5. Áhrif vinnuframlags aldraðra..... | 28. |
| 5.1. Kostir fyrir samfélagið að gera öldruðum kleift að stunda vinnu..... | 28. |
| 5.2. Staða aldraðra sem stunda vinnu..... | 31. |
| 5.3. Ókostir fyrir samfélagið að gera öldruðum kleift að vinna..... | 31. |
| 5.4 Staða aldraðra sem stunda ekki vinnu..... | 33. |
| 6. Stuðningur samfélagsins við atvinnuþáttöku aldraðra..... | 35. |

| | |
|--|------------|
| 6.1. Hvetjandi þættir við atvinnuþáttöku aldraðra..... | 35. |
| 6.2. Letjandi þættir við atvinnuþáttöku aldraðra..... | 36. |
| 7. Umræður..... | 38. |
| 7.1. Rannsóknarspurningu svarað..... | 38. |
| 7.1.1. Hverjir eru kostir þess fyrir samfélagið að gera öldruðum kleift að stunda vinnu..... | 38. |
| 7.1.2. Hverjir eru kostir þess fyrir aldraða að stunda launaða vinnu..... | 38. |
| 7.1.3. Hverjir eru ókostir þess að gera öldruðum kleift að stunda vinnu..... | 38. |
| 7.1.4. Hverjir eru ókostir fyrir aldraða að stunda vinnu..... | 40. |
| 8. Lokaorð..... | 44. |
| 9. Heimildaskrá..... | 46. |

1 Inngangur

Staða aldraðra í samfélaginu er búin að vera áberandi í umræðu í samfélaginu síðustu mánuði. Öldruðum fer fjölgandi, vegna ákveðinna breytinga bæði hvað varðar lífsgæði og mannfjöldapróun. Rödd aldraðra verður sterkari eftir því sem þeir verða fleiri og gera þeir meiri kröfur um hvernig þeir vilja haga lífi sínu, hvaða réttindi þeir telja sig eiga rétt á, að þeim sé ekki mismunað miðað við aðra aldurshópa í samfélaginu. Atvinnumálin eru þar ofarlega á baugi þar með talið réttur aldraða til þess að stunda vinnu, sem þykir sjálfsgæður hjá yngri kynslóðum. Samhliða þessari kröfu aldraðra þá eru að verða miklar breytingar á velferðarkerfum, sérstaklega í vestrænum samfélögum, til þess að mæta þeirri áskorun sem hækkandi meðalaldur fólks hefur í för með sér. Samfélögin þurfa að svara kröfum aldraðra um aukin réttindi og lífsgæði á meðan velferðarkerfin þurfa að draga saman seglin í útgjöldum vegna hækkandi lífaldurs einstaklinga. Þessi þróun boðar miklar áskoranir innan samfélaga. Það þarf því að mínu mati bæði að mæta kröfum aldraðra á sanngjarnan hátt og tryggja um leið stöðu velferðarkerfanna.

Markmið ritgerðarinnar er að kortleggja atvinnumál aldraða þar sem þau hafa vegið þungt í orðræðunni um réttindi aldraðra. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er: Hverjir eru kostir þess og ókostir að gera öldruðum kleift að stunda atvinnu?

Til þess að fá sem besta heildarsýn yfir atvinnumál aldraðra verður auk þess fjallað um skilgreininguna á eldri borgurum, fjölda þeirra og þær mannfjöldabreytingar sem eru að eiga sér stað í heiminum í dag. Höfundur mun svo fjalla um þær kenningar í öldrun sem hafa rutt sér rúms á síðustu árum til þess að reyna að varpa ljósi á þær félags- og sálfræðilegu breytingar sem eiga sér stað á því æviskeiði sem hefst um 67 ára aldur.

Höfundur mun svo bera saman hlutverk aldraða fyrr á tímum og hlutverk þeirra í dag og varpa ljósi á hvernig það hlutverk hefur breyst samhliða þeim félagslegu breytingum sem átt hafa sér stað á tuttugustu öldinni. Einnig verður fjallað um stefnumótun í atvinnumálum aldraðra út frá álykunum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og reynt að varpa ljósi á hvernig Ísland hefur aðlagð sig að þeim ályktunum.

Þvínæst mun höfundur fjalla um kosti og galla þess að öldruðum sé gefinn kostur á að stunda vinnu út frá hagsmunum aldraðra annars vegar og hagsmunum samfélagsins

hins vegar. Auk þess verður stuðningur samfélagsins við atvinnuþáttöku aldraðra skoðaður og hvaða þættir draga mögulega úr atvinnuþáttöku aldraðra.

Þá verður rannsóknarspurningunni svarað, efni ritgerðarinnar dregið saman og leitast við að fá niðurstöður út frá því efni sem höfundur hefur tekið saman um atvinnumál aldraðra og þá þætti sem hafa áhrif á þau.

2 Fræðileg umfjöllun

2.1 Aldraðir

Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningu á öldruðum, aldursamsetningu, lífaldur og þær samfélagslegu breytingar sem eru að eiga sér stað vegna hækkandi lífaldurs og lækkandi fæðingartíðni.

Aldraðir á Íslandi eru skilgreindir sem einstaklingar 67 ára og eldri samkvæmt lögum um málefni aldraðra (nr.125/1999). Aldraðir 65 ára og eldri voru á Íslandi alls 40.282 árið 2011 sem jafngildir 12,8% mannfjölda þjóðarinnar (Hagstofa Íslands, 2015). Árið 2017 var hlutfallið komið upp í 14% eða rúmlega 47.000 manns (Hagstofa Íslands, 2017), og öðlast þeir þá rétt til þess að fá greiddan ellilífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar sem sett voru á árið 1947 (Lög um almannatryggingar. Nr. 100/2007).

Hlutfall eldri borgara á Íslandi, 65 ára og eldri á móti hverjum 100 á aldursbilinu 20-64 ára kemur til með að hækka verulega á næstu árum og áratugum. Í dag eru 23 eldri borgarar á móti hverjum 100 á aldrinum 20 til 64 ára, en eftir 32 ár, árið 2050 verða eldri borgarar orðnir 46 á móti hverjum 100 á aldursbilinu 20 til 64 ára. Að mæta þessari áskorun verður gríðarlegt verkefni fyrir okkur Íslendinga. Þetta hlutfall verður enn meira í mörgum öðrum ríkjum. Árið 2050 verður hlutfallið á Spáni og í Japan 78 eldri borgarar á móti hverjum 100 á aldrinum 20 til 64 ára (OECD, 2017). Ástæðan fyrir þessu er að fæðingartíðni ríkja innan OECD hefur farið lækkandi síðan árið 1960, en þá var hún 3.15 börn á hverja móður, fór niður í 1.64 börn á hverja móður árið 2000. Fæðingartíðnin hefur farið lítillega hækkandi síðan þá og árið 2060 er búist við að fæðingartíðni verði komin í 1,79 börn á hverja móður. Þrátt fyrir hækkun í fjölda barneigna þá er það engan veginn nóg, ekki einu sinni til þess að viðhalda mannfjöldanum, en til þess þarf 2.1 barn á hverja móður (OECD, 2017). Ef við lítum til Íslands þá er sama þróun hér og innan annara landa innan OECD, en árið 2017 var fæðingartíðnin 1.71 barn á hverja móður sem er lægsta frjósemi sem mælst hefur hér á landi síðan mælingar hófust árið 1853 (Hagstofa Íslands, 2018). Árið 2016 var fæðingartíðni hér á landi, 1.81 barn á hverja móður (Hagstofa Íslands, 2016). Aukin velmegun íbúa á jörðinni hefur orðið til þess að meðal lífaldur manna hefur lengst mikið síðustu ár. Samkvæmt áætlun OECD verður á árunum 2015 til 2020 meðal lífaldur karla 78,3 ár og 83,4 ár hjá konum. Á næstu 45 árum mun meðal lífaldur karla lengjast um 4,6 ár, upp í 82,9 ár og hjá konum um 4,2 ár upp í 87,6 ár. Þess má geta að

Ísland hefur hæsta meðal lífaldur karlmannna meðal OECD ríkjanna eða 81,6 ár (OECD, 2017). Lífaldur fólks er þó ekki í öllum tilfellum að lengjast, heldur er fæðingartíðni á niðurleið. Í sumum löndum hefur lífaldur, sérstaklega karlmannna lækkað síðastliðna fimm áratugi. Meðalaldur fólks í Evrópu og Asíu er 37 ár og hefur hann hækkað um 8 ár á síðustu sex áratugum (World bank, 2015). Þess má einnig geta að meðalaldur Íslendinga er 38 ár og hefur hækkað um 8,6 ár á sama tíma (Hagstofa Íslands, e.d.) og þessi þróun hefur að mestu átt sér stað í vestur evrópu þar sem lífsgæði eru meiri. Þessar breytingar í aldurssamsetningu sem eru að eiga sér stað er álitni vandamál af mörgum. Hafa yngri kynslóðir sérstaklega áhyggjur af því að kostnaðurinn við að reka velferðarkerfi framtíðarinnar muni að mestu falla á þau. Stjórnvöld víðs vegar um heiminn þurfa að leysa þennan vanda á félagslega og fjárhagslega ábyrgan hátt. Þetta verkefni er gríðarlega fjölbætt og viðamikil (world bank, 2015). Árið 2006 voru 35 milljónir bandaríkjamanna 65 ára og eldri. En árið 2030 verður sá hluti þýðisins orðinn 71 milljón manna. Eftir því sem fólk verður eldra því hærri verður heilbrigðiskostaður þess. Árið 1999 höfðu 95% aldraðra þörf á lækniástoð með viðeigandi kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið. Aldraðir í bandarríkjunum árið 2005 voru helmingur allra innlagna á sjúkrahús og heimsóknar til lækni þrátt fyrir að vera aðeins 13% af heildarmannfjöldanum (LaMascus, Bernard, Barry, Salerno og Weiss, 2005).

2.2 Atvinnumál aldraðra

Í þessum kafla verður farið yfir atvinnumál aldraðra, hlutfall aldraðra sem stunda vinnu og hvernig öldrun hefur áhrif á samfélög eftir því sem öldruðum fjölga.

Athygli vekur að atvinnuþátttaka aldraðra á Íslandi er mikil. Hvergi innan OECD ríkjanna er eins hátt hlutfall miðaldra og eldri borgara í vinnu eins og á Íslandi (OECD, 2017). Ef við rýnum betur í tölurnar kemur í ljós að á árinu 2011 voru 86% á vinnumarkaði á aldursbilinu 55 til 59 eru 86% á, og 83% þeirra sem eru á aldursbilinu 60 til 64 ára (OECD, 2017). Á aldursbilinu 65-69 ára voru 53,2% á vinnumarkaði. 63,2% karlmenn og 43,1% kvenna árið 2011. Atvinnuþátttaka karlmannna á Íslandi sem voru á aldursbilinu 70-74 ára var 19,4% en 6,3% kvenna í sama aldurshópi (Hagstofa Íslands, 2015).

Af hverju stunda aldraðir vinnu? Ein ástæðan eru fjárhagslegar aðstæður, til þess

að mæta óvæntum útgjöldum. En helsta ástæðan er þó vegna þess að aldraðir njóta þess að stunda vinnu (Haider og Loughran, 2010). Í rannsókn Haider og Loughran sem gerð var í Bandaríkjunum kom í ljós að menntun hefur mikil áhrif á atvinnuþátttöku aldraðra. Eftir því sem meiri menntun sem aldraðir hafa, því líklegra er að þeir stundi vinnu eftir 65 ára aldur. Á aldursbilinu 68 til 70 ára þá stunduðu 11% þeirra sem höfðu einungis lokið grunnskólamenntun, vinnu á mótí 28% þeirra sem höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi. Á aldursbilinu 71 til 73 er hlutfallið 8% á mótí 22% (Haider og Loughran, 2010). Fjárhagsleg staða aldraðra hefur líka áhrif á atvinnuþátttöku. Eftir því sem aldraðir eru efnaðri því meiri er atvinnuþátttaka þeirra. Til dæmis, á aldursbilinu 68 til 70 þá stunduðu 14% þeirra sem voru í lægsta tekjubilinu á mótí 19% sem voru í hæsta tekjubilinu. Á aldursbilinu 71 til 73 ára stunduðu 9% á lægsta tekjubilinu vinnu á mótí 15% þeirra sem voru í hæsta tekjubilinu 22% (Haider og Loughran, 2010). Í rannsókn Christensen og Schneider sem fjallar um þær áskorannir sem fylgja því að sameina kröfur einstaklingsins og fjölskyldunnar annars vegar og kröfur vinnumarkaðarins hins vegar, voru tekjubilin 5. Heilsufar aldraðra hefur einnig mikið að segja um atvinnuþátttöku. Í rannsókn Christensen og Schneider var notaður ADL stuðull¹. Á aldursbilinu 68 til 70 var atvinnuþátttaka aldraða með 3 stig eða meira 7% á mótí 21% aldraða sem voru með 0-1 stig. Á aldursbilinu 71-73 var atvinnuþátttaka aldraðra 7% aldraða með 3 stig eða meira á mótí 15% þeirra sem voru með 0-1 stig (Haider og Loughran, 2010).

2.3 Fordómar í garð aldraðra

Í þessum kafla verður rýnt í fordóma í garð aldraðra, þeir skilgreindir og fjallað um birtingarmyndir þeirra. Því miður viðgangast fordómar í garð aldraðra í dag þrátt fyrir aukna þekkingu og vitundarvakningu á öðrum fordómum.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin hélt ráðstefnu í mars árið 2017 þar sem lagður var siðferðilegur grunnur að því hvernig alþjóðasamfélagið á að bregðast við þeim breyttu aðstæðum sem það stendur frammi fyrir. Öldruðum fer fjölgandi og þeir verða eldri.

Á ráðstefnunni lagði alþjóða heilbrigðisstofnunin sérstaklega áherslu á að vinna

¹ ADL stuðulinn byggist á sex þáttum. Ganga eina götu, ganga upp stiga, beygja sig fram eða sitja á hækjum sér, lyfta handleggjum upp fyrir axlir, lyfta meiru en 5 kílóum, taka upp smámynt af borði. Ef aldraðir ná ekki að gera einn af þessum 6 hlutum fá þeir 1 stig. Þ.e.a.s, því fleiri stig, því verri heilsa.

gegn fordómum í garð aldaðra. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað varðandi kyn og kynþáttafordóma, en öldrunarfordómar hafa einnig búið um sig í flestum samfélögum og einhverra hluta vegna hafa þeir fengið mun minni athygli en kyn og kynþáttafordómar. Öldrunarfordómar einkennast af því að aldraðir eru stimplaðir sem hægfara, gamaldags þenkjandi, í atgerði og athöfnum (World health organization, 2017).

Fordómar í garð aldaðra hafa einnig margar birtingarmyndir, en algengasta þrástefið er að þeir séu baggi á samfélaginu. Þeir stundi ekki vinnu og leggi því í raun ekkert af mörkum til samfélagsins. Á sama tíma fara miklir fjármunir úr samneyslunni í að sinna öldruðum. Þarna er öldruðum í raun stillt upp á móti hinum hópum samfélagsins og þeir gerðir að blóraböggjum (World health organization, 2017). Þrátt fyrir að öldrun sé eðlilegur hluti í ævi okkar allra þá hafa samfélög, sérstaklega í Evrópu og Norður Ameríku litið á öldrun sem ákveðið vandamál. Á eftirstríðsárunum fram til 1970 var litið á öldrun sem einstaklingsbundið og félagslegt vandamál. Á árunum 1970 til 1990 var öldrun hagfræðilegt vandamál, sérstaklega vandamál atvinnulífsins og frá árinu 1990 til dagsins í dag þá er litið á öldrun sem alheimsvanda sem þarf að hafa miklar áhyggjur af. Með aukinni velmegun sem fylgdi þeim félagslegu umbótum sem komu í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar, lengdist lífaldur fólks. Auk þess komu fram kenningarleg sjónarmið sem endurspegluðu hlutverk aldaðra í samfélaginu, og sambandið á milli aldaðra og samfélagsins og stofnanna þess (Phillipson, C og Baars, J. 2007). Í næsta kafla verður fjallað um þær.

2.4 Kenningar í öldrunarfræðum.

Það er hægt að skipta öldrunarkenningum í tvo flokka, annars vegar kenningar um líkamlega þætti sem reyna að skýra þær breytingar sem líkaminn verður fyrir þegar hann eldist. Hins vegar félagssálfræðilegar kenningar sem reyna að skýra öldrun út frá einstaklingsbundnum breytingum á vitsmunum og þann þroska sem einstaklingurinn öðlast í ellinni, bæði út frá hegðun og í samskiptum við aðra (Ingunn Stefánsdóttir, 2009). Þótt að þessar kenningar séu ólíkar, þá falla þær allar inn í sama kenningarammann, þær eru raunhyggjukenningar sem lýsa einstaklingnum sem viðfangi sem stjórnast af áhrifum innri og ytri aflu og hvernig hann bregst við þeim í þroskaferli sínu (Ingunn Stefánsdóttir,

2009). Hér verða einungis skoðaðar félagsálfræðilegar kenningar þó vissulega komi líkamleg einkenni öldrunar fram í sumum þeirra.

2.4.1 Kenningin um þrenns konar aldur.

Aldur er yfirleitt skilgreindur í árum sem einstaklingurinn hefur lifað, en sú skilgreining gefur oft ekki rétta mynd af stöðu einstaklingsins. Þess vegna er aldur skilgreindur á þrjá vegu, líffræðilegur aldur, sálrænn aldur og félagslegur aldur (Jón Björnsson, 1996).

Líffræðilegur aldur skilgreinir aldur einstaklingsins út frá hvernig tíminn hefur áhrif á líkama einstaklingsins. Líferni, lífsskilyrði, erfðir og einnig ákveðin heppni hafa áhrif á ævilengd einstaklingsins.

Það kemst enginn maður í gegn um lífið án þess að þurfa að glíma við elli kerlingu en margt er hægt að gera til þess að hægja á líffræðilegri öldrun, til dæmis með lyfjum eða með nýjum líffærum. Fyrr á tímum dó fólk vegna þess að lækni meðferðir voru ekki eins þróaðar og þær eru í dag (Jón Björnsson, 1996).

Sálfræðilegur aldur segir til um hvernig einstaklingurinn skilgreinir sig út frá æviferlinum, út frá því hvernig hann upplifir aldur sinn. Einstaklingur sem er illa á sig kominn, andlega getur upplifað sig gamlan á meðan einstaklingur sem er eldri getur verið ungur í anda og hagað lífi sínu og athöfnum eftir því. Sjálfsmynd einstaklingsins spilar hér einnig stórt hlutverk (Jón Björnsson, 1996).

Félagslegur aldur segir til um hve gamall einstaklingurinn er út frá því félagslega umhverfi sem hann lifir í. Öll samfélög hafa sína afstöðu og skilgreiningar á aldri sem flokkar einstaklinga í ákveðna hópa, sem gefur þeim ákveðna stöðu, réttindi og skyldur. Til dæmis á Íslandi þá er ætlast til af öldruðum að þeir leggi niður störf 67 ára gamlir og geta þá fengið ellilífeyri. Félagslegar og stjórn mála legar ástæður og hagsmunir ákveða það út frá því hvað sé best fyrir samfélagið. Jafnvel þótt að einstaklingur sé orðinn sjötugur og hafi heilsu og vilja til þess að vinna verður hann hins vegar að lúta þessum reglum samfélagsins (Jón Björnsson, 1996).

2.4.2 Hlutverkakenningin.

Hlutverkakenningin felur í sér að hinn aldraði þarf að sætta sig við breytingar sem fylgja öldrun. Annars vegar þarf hinn aldraði að gefa eftir hefðbundin hlutverk og félagsleg tengsl sín sem hann hafði fyrr á ævinni og hins vegar þarf hann að sætta sig við og aðlaga sig að því breytta umhverfi sem fylgja því að hætta að vinna og fara á eftirlaun. Hinn aldraði myndar ný tengsl, til dæmis við börn sín sem hann getur nú orðið háður. Æskilegt er að aldraðir fái ný hlutverk í stað þeirra sem hverfa. Líklegra er þó að hinn aldraði missi hlutverk sem hann hafði áður heldur en að fá ný, en það getur haft djúpstæð áhrif á sjálfsmynd hins aldraða, til dæmis þegar hann hættir að vinna (Kart, 1997).

2.4.3 Hlédrægniskenningin.

Hlédrægniskenningin gengur út á að manningum sé eðlilegt að draga sig frá störfum sínum og láta fara sem minnst fyrir sér (Ingunn Stefánsdóttir, 2009). Með hækkandi aldri dregur maðurinn sig frá tengslum og skuldbindingum sínum gagnvart samfélaginu. Til dæmis tengslum við fjölskyldu, vinnu og öðrum skyldum samfélagsins. Samfélagið minnkar kröfur sínar til aldraða og þeirrar ábyrgðar sem þeir höfðu áður í samfélaginu, og hvetur þá til þess að setjast í helgan stein (Jón Björnsson, 2004). Ákveðinn skilnaður verður á milli hins aldraða og samfélagsins, sérstaklega á vinnumarkaðnum. Hinn aldraði leggur niður störf og samfélagið frelsar hann frá þeim skyldum samfélagsins sem hinn aldraði hafði áður. Samfélagið verndar farmhaldslíf sitt, vísar þeim eldri frá og hleypir þeim yngri að. Þetta er eins konar gagnkvæmt samkomulag beggja aðila til þess að halda hjólum samfélagsins gangandi (Jón Björnsson, 2004). Hlédrægniskenningin mætti mikilli gagnrýni meðal annars vegna þess að hún benti á að aldraðir sem höfðu ekki aðskilið sig frá samfélaginu heldur væru virkir samfélagsþegnar höfðu ekki tekist að aðlagast ellinni (Phillipson, C og Baars, J. 2007).

2.4.4 Athafnakenningin.

Athafnakenningin var sett fram árið 1961 og er andstæða hlédrægniskenningarinnar (Havinghurst, 2008). Athafnakenningin gengur út á að einstaklingurinn reynir eins lengi og hann getur að berjast gegn ellinni og halda í lífsvenjur sínar og þá sjálfsmynd sem hann hafði um miðjan aldur (Ingunn Stefánsdóttir, 2009). Það er mannum bæði eðlilegt og eðlislægt að verjast hrörnuninni sem fylgir ellinni. Maðurinn reynir að vera virkur og gagnlegur sjálfum sér og öðrum og vilji hafa það áfram. Lykillinn af lífsánægjunni liggur í að hjálpa öldruðum að lifa lífi sínu eins og þeir gerðu á miðjum aldri (Jón Björnsson, 2004). Einstaklingurinn vill hafa nóg fyrir stafni. Hann vill halda í öll viðhorf og athafnir, meðal annars atvinnu, sem hann gerði áður eins lengi og hægt er. Það gefur honum tilgang í lífinu (Havinghurst, 2008). Jafnvel þótt fólk eldist hefur það jafnmikla þörf á félagskap og allir aðrir. Andlegar og félagslegar þarfir einstaklinga eru til staðar þrátt fyrir að þeir eldist (Kart, 1997).

2.4.5 Samfellukenningin.

Samfellukenningin gengur út á að maðurinn þróar með sér ákveðnar venjur í daglega lífi sínu allt frá upphafi ævinnar. Maður þróar með sér einstakan persónuleika sem enginn annar hefur. Velliðan mannsins í ellinni er ekki sjálfögð enda ekki sjálfgefið að maðurinn geti haldið áfram að lifa þeim lífsstíl og lífsmáta sem maðurinn lifði áður, og haldið honum sem minnst breyttum á efri árum. Þrátt fyrir verri heilsu og hækkandi aldur, þá á maðurinn að halda áfram eins lengi og hann getur að vera hann sjálfur með öllum sérkennum sínum. Ákveðin samfella liggur í gegnum alla ævina og ellin eigi sem minnst að raska henni (Jón Björnsson, 2004).

2.4.6. Þroskakenning Eriksons.

Þroskakenning Erik H. Eriksons gengur út á átta þroskaþrep sem hvert og eitt hefur andstæður og lýsir átökum innra með einstaklingnum sem hann þarf að fara í gegnum til þess að geta náð þeim þroska sem þykir ákjósanlegur í hverju þrepi. Því þarf einstaklingurinn að klára hvert þrep til þess að geta haldið áfram á það næsta. Þrepin eru aldurstengd, og væri of langt mál að fara í öll þrepin heldur verður bara farið í áttunda.

og síðasta þrepið sem snýr að öldrun og hefst við 60 ára aldurinn. Nái einstaklingurinn að ljúka áttunda. Þrepinu öðlast hann heilsteypt sjálf en ef ekki verður hann fórnarlamb barlóms, biturðar og örvæntingar og finnst eins og lífið hafi svikið sig (Ingunn Stefánsdóttir, 2009). Erikson setti fram þá hugmynd að í lífinu biðu mannsins alltaf átök innra með honum á vissum þroskaskeiðum, enginn maður kæmist hjá því að ganga í gegnum lífið án þessara átaka. Þessi átök voru annar vegar forskrifuð af erfðum og hins vegar kallaði samfélagið fram þessi átök innra með manningnum. Þegar maðurinn hefur unnið sigur á þeim átökum sem tilheyra hverju stigi kemur hann frá þeirri baráttu með sterkara sjálf og betri sjálfsmynd. Ef honum tekst hins vegar ekki að sigrast á þessum innri átökum staðnar maðurinn á því stigi og kemst aldrei á næsta stig. Erikson hélt því fram að forsenda fyrir góðri geðheilsu, þroska og lífshamingju væri að sigrast á öllum átökunum á því æviskeiði sem þau tilheyra. Röð skeiðana er fyrirfram ákveðin og sá sem sigrast á öllum átta stigunum getur litið um öxl, sáttur með líf sitt og tilgang lífs síns og er reiðubúinn að mæta dauðanum þegar hann ber að garði (Jón Björnsson, 2004).

2.4.6 Kenning Carl Jung.

Kenning Carl Jung um öldrun gengur út á að lífshlaupið sé eitt þroskaskeið. Aldraðir ættu að fara yfir afrek sín í lífinu og leita innri sannfæringar. Til þess að sættast við öldrun sína ættu einstaklingar að ná sátt við lífshlaup sitt og því nýja hlutskipti að vera aldraður með þeim annmörkum sem því fylgja, minnkandi líkamlegri getu og þverrandi orku (Jung, 1960). Lífshlaupinu má skipta í tvo hluta. Fyrri hluti þess snýst um að kynnast samfélaginu og verða virkur þegn í samfélaginu, en seinni hlutinn snýst um að kynnast sjálfum sér (Tornstam, 2005).

2.4.7 Afturfaralíkanið.

Afturfaralíkanið er sú kenning sem hefur verið áhrifamikil í umræðunni um öldrun, og hvaða augum samfélagið lítur á eldri borgara. Hún gengur út á að vitsmunalega er maðurinn í sókn fram á við til rúmlega tvítugs og nái þá hámarks vitsmunaproska. Svo taki við hæg en óhjákvæmileg afturför í öllum vitsmunapáttum sem varir fram til dauðadags. Kenningin var úskýrð með vísindalegum rökum snemma á síðustu öld með greindarprófum. Með tímanum hefur þó komið í ljós að kenningin um afturfaralíkanið á ekki við rök að styðjast. Maðurinn þroskar með sér vitsmuni og gáfur eftir allt öðrum

aðferðum og lögmálum en afturfaralíkanið segir til um. Hún elur á fordómum í garð aldraðra. Þó að kenningin sé í meginatriðum röng er hún enn útbreidd og inngróin inn í samfélagsgerðina. Þess vegna bitnar hún á sjálfsmynd aldraðra og ímynd þeirra í samfélaginu og hvernig samfélagið kemur fram við aldraða og hvaða þjónustu það veitir þeim (Jón Björnsson,2004).

2.4.8 Kenningin um öldrunarinnisæi.

Öldrunarfræðiprófessorinn Lars Tornstam setti fram kenninguna um öldrunarinnisæi árið 1989. Kenningin gengur út á að einstaklingurinn endurskilgreinir veruleikan og fær í kjölfarið nýja sýn á sjálfan sig og veruleikan. Þegar fólk eldist hefur það minni áhuga á veraldlegum eignum og samskiptum í því mæli sem það hafði áður. Það hefur þá öðlast lífsánægju sem má lýsa í þrem víddum í lífi einstaklingsins sem breytast í gegnum lífshlaupið. Alheimsvídd, sjálfsvídd og samskiptavídd (Tornstam, 2011). Fyrst er að alheimsvíddin þar sem tími og rúm breytast, Vídd sjálfins sem skýrir hvernig einstaklingurinn leitar inn á við og fer í ákveðna sjálfsskoðun, skoðar jákvæðar sem og neikvæðar hliðar sínar. Að lokum er það samskiptavíddin, sem er vídd félagslegra og persónulegra tengsla, en sú vídd skýrir breytta samskiptahætti, einstaklingurinn hefur meiri þörf á að vera einn með sjálfum sér (Ingunn Stefánsdóttir, 2009).

Með kenningu Tornstam kom til sögunnar nýr skilningur á öldrun. Tornstam heldur því fram að ellin sé enn eitt þroskaskeið mannsins sem veitir þegar best lætur, einstaklingnum nýja heildarsýn. Kenningin lýsir þeirri tilfinningu sem kemur í kjölfarið á öldruninni og auk þess skýrir hver eru einkenni eðlilegrar og farsællar öldrunar (Tornstam, 2005). Tornstam lýsir ekki einungis öldrunarferlinu og hvernig hægt sé að öðlast ákveðna lífsvisku, heldur einnig hvaða breytingar verða á einstaklingnum þegar hann öðlast þessa visku og fer að upplifa öldrunarinnisæi (Tornstam, 2005). Þessi viska er í raun að einstaklingurinn að upplifa þá tilfinningu að vera hluti af stærri heild, óttinn við dauðann dvínar og tilfinningin fyrir tengslum við fyrri og komandi kynslóðir koma í staðinn fyrir óttan við að deyja. Hugur einstaklingsins reikar til bernskunnar, æskuáranna, sem eru endurskoðuð á jákvæðari hátt en einstaklingurinn gerði áður. Þessi lífsviska veitir einstaklingnum skilning á hvernig lífsreynsla getur mótað persónuleika fólks (Tornstam, 2005).

Kenningin leggur auk þess áherslu á breytingar og þróun, sjálfhverfa einstaklingsins minnkar og hann verður kröfuharðari í hvað hann eyðir tíma sínum í og með hverjum. Yfirborðsleg samskipti hætta að skipta verulegu máli en dýpri og nánari tengsl fara að skipta meira máli. Þörfin fyrir að vera einn með sjálfum sér vex, en það hefur góð áhrif á þroska einstaklingsins. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þó að fólk líti út fyrir að vera einrænt og áhugalaust, þá er það að leyfa barninu sem býr í brjósti þess og hefur gert allt þeirra líf að koma fram sem gefur einstaklingnum meiri þroska og frelsistilfinningu (Ingunn Stefánsdóttir, 2009).

Ekki er sjálfgefið að einstaklingar nái að þróa með sér öldrunarinnisæi, heldur er það stigvaxandi þróun innra með einstaklingnum sem nær hámarki í nýrri heildarsýn sem er dýpri og innihaldsríkari en raunveruleikasýnin sem fólk bjó yfir á fyrri æviskeiðum sínum (Ingunn Stefánsdóttir, 2009). Samkvæmt rannsóknum Tornstam ná ekki allir einstaklingar að upplifa öldrunarinnisæi eftir því sem þeir verða eldri. Aðeins 20% einstaklinga öðlast öldrunarinnisæi á háu stigi. Helsta ljónið á veginum að öðlast ekki öldrunarinnisæi er að aldraðir setja sér óraunhæfar væntingar til ellinnar og haldi að gildi þeirra í lífinu, áhugamál og athafnir breytist ekki frá því eins og þau voru á miðjum aldri (Tornstam, 2011).

3 Hlutverk aldraða í samfélaginu

Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk aldraðra í samfélaginu fyrr á öldum, þekkingu og visku þeirra sem gaf þeim ákveðna sérstöðu, völd og tækifæri til þess að hafa atvinnu af þekkingu sinni. Þá verður fjallað um þau hlutverk sem aldraðir hafa í samfélaginu í dag, hvernig þau hlutverk hafa breyst frá fyrri tíð samfara þeim samfélagslegu breytingum sem hafa átt sér stað.

3.1. Hlutverk aldraða fyrr á tímum

Mannfræðirannsóknir hafa varpað ljósi á stöðu aldraða fyrr á öldum á Íslandi og hlutverk þeirra í samfélaginu. Þar kemur í ljós að vinnuframlag aldraða var vel þegið og nauðsynlegt til þess að halda samfélaginu gangandi. Í landbúnaði var vinnuframlag aldraðra, jafnvel þeirra sem höfðu skerta vinnugetu, nýtt í hin ýmsu viðvik, til dæmis þrif, tóvinnu, netagerð og ummönnun barna. Þetta voru hefðbundin störf aldraða á þeim tíma. Þeir sem gátu alls ekki unnið lögðust í kör, lágu í rúminu sínu og var þá litið á þá eins og þeir væru nær dauða en lífi (Jón Björnsson, 2004).

Margir aldraðir áttu eignir og höfðu völd og áhrif inn í samfélagið í krafti þeirra. Þeir ráðstöfuðu einnig arfi sínum og höfðu þeir því ákveðið vald yfir börnum sínum og fjölskyldu sinni. Aldraðir voru einnig mikilvægir tengiliðir í samfélaginu fyrr á öldum þar sem ættir og ættarsögur skipuðu mikilvægan þátt í samfélaginu. Tengsl skyldmenna liggja í gegnum foreldra og forfeður og voru hinir öldruðu holdi klæddur vitnisburður um ættartengsl og þær skyldur og réttindi sem fylgja ættartengslum. Hinn aldraði hafði líklega séð löngu dána forfeður, tekið virkan þátt í ættarsögunni og gat sagt frá henni frá fyrstu hendi (Jón Björnsson, 2004). Aldraðir höfðu þar að auki safnað viðamikilli reynslu á sinni löngu ævi. Í samfélagi án bóka og skóla er lífið sjálft eina menntunin sem völ er á. Því lengur sem ævi manna er, þeim mun vitrari eru þeir. Að þessu leyti var gamalt fólk ómissandi fyrir ungt fólk sem hafði ekki mikla reynslu vegna stuttrar ævi. Þarna myndaðist ákveðið þekkingarforskot sem gaf öldruðum völd og atvinnutækifæri. Dæmi um þessa þekkingareinokun ef svo mætti kalla má finna víða í Íslendingasögunum, til dæmis Njáll á Bergþórshvoli og Ófeigur gamli. Aldraðir, sérstaklega konur voru álitnar búa yfir yfirnáttúrulegum kröftum, göldrum, töfrum og þekkingu í læknislist. Þessi kunnátta gerði

aldraða mjög gagnlega og þótti ekki góðs viti að vinna þeim mein eða hrekkja þá vegna þess að þeir gátu hefnt fyrir verknaðinn með þekkingu sinni (Jón Björnsson, 2004).

3.1 Hlutverk aldraða í samfélaginu í dag.

Þjóðfélög hafa breyst gríðarlega síðastliðna áratugi, þó sérstaklega frá miðri síðustu öld. Þróunin hefur meðal annars verið á þá leið að samfélög eru orðin aldurskipt á þann hátt að staða fólks ræðst meira af aldri þeirra heldur en stöðu og aðstæðum. Meiri krafa um menntun gerir skólagöngu lengri og er fólk þess vegna að koma mun síðar inn á atvinnumarkaðinn en áður. Áherslan er lögð á þekkingu í gegnum menntun frekar en reynslu og þekkingu með þátttöku á atvinnumarkaðnum. Atvinnurekendur hafa tilhneygingu til þess að ráða yngra fólk og er þrýstingur lagður á fólk að það hætti fyrir að vinna. Þetta hefur verið gert beinlínis markvisst í sumum samfélögum til þess að stemma stigu við atvinnuleysi og hleypa yngra fólki inn á atvinnumarkaðinn (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

Þar að auki hefur fjölskyldumynstrið breyst, það er sjaldgæft í dag að fleiri en tvær kynslóðir búi saman á heimili líkt og áður þekktist (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

Það má því segja að með þessum samfélagsbreytingum hafi þörfin fyrir framlag aldraðra til samfélagsins breyst. Kynslóðirnar eru ekki eins háðar hvor annarri og hin ýmsu hlutverk sem aldraðir höfðu hafa verið tekin yfir af ýmsum kerfum í samfélaginu. Má þar nefna skólakerfið, leikskóla og dagmæður (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

Nútímavæðing hagkerfa heimsins hefur einnig gert það að verkum að fjölskyldan eins og hún var fyrr á öldum samanstóð af fleiri kynslóðum en hún gerir í dag. Fyrr á tímum var karlmaðurinn fyrirvinnan og konan var heima að hugsa um heimilið og íbúa þess, börnin og afa og ömmu, ef þau gátu ekki lagt hönd á plóg við heimilishaldið. Var það talinn vera eðlilegur þáttur í heimilishaldinu. Í dag hefur kjarnafjölskyldan minnkað og aldraðir misst hlutverk sitt í heimilishaldinu eins og það tíðkaðist fyrr á tímum. Foreldrar barnanna þurfa nú bæði að vera útvinnaði og eiga því erfiðara með að hugsa um foreldra sína. Báðar kynslóðirnar hafa því misst ákveðin hlutverk, skyldur sem þau báru til hvors annars (World health organization, 2017).

Framlag eldri borgara til samfélagsins fyrir utan atvinnuþáttöku er þó meira en margan grunar, en það mætti kalla það „hulið framlag“. Það er meðal annars í formi barnagæslu, aðstoðar við að skutla og sækja barnabörnin. Þetta á oft við þegar erfiðleikar koma upp hjá börnum aldraðra, sem reyna á hjónabönd og uppeldisaðstæður barnabarnanna (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2010). Árið 2006 var gerð rannsókn á Íslandi sem varpaði ljósi á hvert umfang stuðnings eldri borgara er í raun, sem mætti telja að jöfnu og atvinnuþátttaka. Í ljós kemur að 62% eldri borgara höfðu tekið að sér barnapössun, 37% daglega eða tvisvar til þrisvar sinnu í viku (Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2007; Ingibjörg H. Harðardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2008).

Þetta einskorðast ekki bara við Ísland því að þegar tíðni barnapössunar meðal eldri borgara í 23 Evrópulöndum er skoðuð þá kemur í ljós að eldri borgarar eru mikilvægasti hlekkurinn í óformlegri barnapössun og má segja að aldraðir taki að sér störf dagmæðra. Vissulega er munur á milli landa, en engu að síður sinnti að meðaltali helmingur amma og afa pössun á barnabörnum sínum (Igel og Szydlik, 2011).

Stuðningur eldri borgara einskorðast ekki bara við barnapössun, en þeir hafa einnig stutt við bakið á fjölskyldu sinni eða öðrum með vinnuframlagi, en samkvæmt rannsókn sem gerð var á Íslandi árið 2016 höfðu 41%, 67 ára og eldri stutt við bakið á fjölskyldu sinni eða öðrum með því að taka að sér vinnu fyrir þá. Auk þess hafði um einn fimmti af þátttakendum í rannsókninni aðstoðað afkomendur sína eða aðra einstaklinga vegna föltunar eða alvarlegra veikinda. Aldraðir studdu einnig við bakið á afkomendum sínum eða öðrum einstaklingum með því að bjóða þeim þak yfir höfuðið. 45% eldri borgara höfðu hýst afkomendur eða aðra í stuttan tíma en 17% í lengri tíma. (Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2007; Ingibjörg H. Harðardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2008).

Aldraðir hafa einnig stutt við bakið á afkomendum sínum eða öðrum með því að lána eða gefa þeim peninga. Hvorki meira né minna en 59% eldri borgara höfðu lánað eða gefið peninga og 40% keypt föt, helstu nauðsynjar eða heimlistæki fyrir afkomendur sína eða aðra. Eldri borgarar hafa einnig borgað tómsundur og námskeið fyrir afkomendur sína en 33% eldri borgara létu afkomendur sínum róðurinn með því framlagi. Aldraðir hafa auk þess létt afkomendum sínum róðurinn í fjárfestingum, en 15% þeirra lánuðu veð til þess að ábyrgjast fjárfestingar (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, 2016).

Einnig má nefna að foreldrar barna geta greitt þeim fyrirframgreiddan arf samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962. Geta foreldrar greitt börnum sínum út arf sinn að hluta eða öllu leyti, til dæmis til að hjálpa þeim úr fjárhagslegum erfiðleikum. 10% erfðafjárskattur greiðist af arfshlutanum (Lög nr. 8/1962 um erfðafjárskatt).

4 Stefnumótun í atvinnumálum aldraðra

Í þessum kafla verður farið yfir stefnumótun í atvinnumálum aldraðra, upphaf hennar, hvaða alþjóðastofnanir tóku þátt í að innleiða hana, og þá viðhorfsbreytingu sem fylgdi í kjölfarið. Þá verður fjallað um hvernig Ísland hefur fylgt eftir tilmælum alþjóðastofnanna varðandi jafnrétti og mannréttindi aldraðra. Auk þess hvort sú viðhorfsbreyting í málefnum aldraðra, sérstaklega atvinnumálum hafi einnig búið um sig á Íslandi eins og hún hefur gert í alþjóðasamfélaginu.

4.1 Upphaf stefnumótunar í málefnum aldraðra

Árið 1982 var haldið fyrsta heimsþing Sameinuðu þjóðanna um málefni aldraðra í Vínarborg. Á því heimsþingi var samþykkt alþjóðleg framkvæmdaáætlun sem markaði brautina í aðgerðum í málefnum aldraðra næstu tuttugu árin. Á því tímabili átti sér stað mikil stefnumótun í málefnum aldraðra og fylgdi í kjölfarið ákveðin viðhorfsbreyting, meðal annars í atvinnumálum (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

Sameinuðu þjóðirnar tóku til umfjöllunnar mannréttindamál aldraðra árið 1991. Og það sama ár var ályktun nr. 16/1991. Um stefnu Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra samþykkt. Allar þjóðir voru þar hvattar til þess að stuðla að almennum viðhorfsbreytingum í málefnum aldraðra og styrkja stöðu þeirra og styrkja einnig samstöðu kynslóðana í framtíðinni. Stefnumótun Sameinuðu þjóðanna var skipt í fimm þætti, sjálfstæði, virkni, lífsfyllingu, reisn, og umönnun. Sérstaklega var lögð áhersla á að aldraðir ættu að njóta allra þessara þátta til jafns við aðrar kynslóðir, meðal annars að stunda atvinnu (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Sameinuðu þjóðirnar leggja mikla áherslu á efnahagslegt sjálfstæði aldraðra sem er einnig grunnmannréttindi eldri borgara. Efnahags og félagslegt öryggi er grunnur að betri heilsu og líðan. Atvinnuþátttaka er mikilvæg öldruðum þegar kemur að efnahagslegu sjálfstæði. Almannatryggingakerfið á að veita þeim öldruðu sem ekki hafa áunnið sér nægjanlega há lífeyrisréttindi og stunda ekki vinnu, nauðsynlega framfærslu (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Það er mikilvægt fyrir aldraða að vera virkir þátttakendur í samfélaginu eftir því sem aðstæður leyfa. Atvinnuþátttaka þeirra skiptir þar miklu máli. Samfélagið má ekki fara á mis við þá dýrmætu þekkingu og reynslu sem aldraðir búa yfir og hafa öðlast yfir sína löngu ævi, en atvinnuþátttaka er mikilvægur vettvangur fyrir

miðlun þekkingar. Þeir sem geta miðlað reynslu sinni til annarra og samfélagsins til dæmis í vinnu sinni, eru heilsuhraustari, hafa meiri vellíðan og lifa lengri ævi. Þess vegna er nauðsynlegt að gefa öldruðum kost á að geta sótt vinnu, hvort sem er launaða eða sjálfboðavinnu (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Auk þess þarf sérstaklega að standa vörð um jafnrétti kynslóðana. Í því felst að standa vörð um réttindi aldraðra þegar líkamleg og andleg geta minnkar með hækkandi aldri. Það þarf að gæta þess að aldraðir missi ekki réttindi sín til jafns við aðra aldurshópa samfélagsins. Þetta á við á öllum þáttum samfélagsins, meðal annars í heilbrigðiskerfinu, félagsþjónustunni, í húsnæðismálum og síðast en ekki síst í atvinnumálum (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Efnahagslegt sjálfstæði aldraða er mikilvægur þáttur í þeirra lífi eins og allra annarra og er þáttur í jafnrétti kynslóðana. Atvinnuþataka skiptir þar miklu máli. Félagslegt og ekki síst efnahagslegt öryggi er mikilvægur þáttur í heilsu og líðan. Þess vegna verður að tryggja öldruðum framfærslulífeyri fyrir þá sem ekki hafa af einhverjum ástæðum tryggt sér nægjanleg lífeyrisréttindi (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Þess vegna þarf að tryggja öldruðum aðgang að vinnumarkaðnum eftir þeirra þörfum, vinnuhlutfall og tími sé sveigjanlegur og starfslok séu einnig sveigjanleg (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggur sérstaka áherslu á að allir einstaklingar óháð kyni, kynþætti og aldri eigi sama rétt til þeirra gæða sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Það er grunnur mannréttinda í heiminum. Það þarf að finna leiðir til þess að samfélög geti gefið öldruðum tækifæri til þess að gefa af sér til samfélagsins sem um leið fær að njóta vísu og þekkingu aldraða og geti sýnt þeim fram á að aldraðir og þekking þeirra sé metin að verðleikum (World health organization, 2017). Vinnustaðurinn er þar mikilvægur vettvangur.

4.2 Aðlögun Íslands að jafnrétti og mannréttindum aldraðra

Á Íslandi urðu breytingar til batnaðar í málefnum aldraðra árið 1982 þegar sett var fyrsta heildstæða löggjöfin um málefni aldraðra. Löggjöfin var tengd við heilbrigðisþjónustu, heilsugæslustöðvar víðs vegar um landið og einnig tengd við félagslega þjónustu sem sveitarfélögin veittu. Þessi lög voru endurskoðuð árið 1989 og eru nr 82/1989 (lög um

málefni aldraðra. Nr. 82/1989). Þau gengu í gildi þann 1. janúar 1990. Lögin voru svo aftur endurskoðuð og eru í gildi í dag (Lög um málefni aldraðra. Nr. 125/1999). Alþingi samþykkti lögin þann 31. desember 1999. Markmið þessara laga var að gera öldruðum kleift að lifa eðlilegu lífi á sínu heimili eins lengi og kostur er. Einnig að öldruðum sé tryggð sú þjónusta þegar þeir þarfnast hennar og tekur mið af þörfum hvers og eins einstaklings. Auk þess skal sjálfstæði aldraðra virt og að þeir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagshópa (Lög um málefni aldraðra. Nr. 125/1999).

Það verður að standa vörð um réttindi aldraðra á við aðra þjóðfélagshópa, til dæmis réttinn til framfærslu og félagsþjónustu, réttin til friðhelgi einkalífs og persónufrelsis. Einnig réttinn til þess að stunda atvinnu og tómstundir (Lög um málefni aldraðra. Nr. 125/1999).

Starfandi heilbrigðis og tryggingaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir setti svo á laggirnar árið 2000, stýrihóp um stefnumótun í málefnum aldraðra. Hlutverk hópsins var að móta stefnu í málefnum aldraðra til næstu 15 ára. Stýrihópurinn fékk til sín marga álitsgjafa, hagsmunaaðila og þjónustuaðila sem gáfu greinagóða mynd af stöðu mála og komu með margar gagnlegar ábendingar um atriði sem þurfti að bæta úr (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

Ein af tillögum stýrihópsins kom árið 2002 og var byggð á ályktunum Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra. Hún var á þá leið að það verður að koma til móts við aldraða sem hafa einungis bætur frá almannatryggingum og þarf að bæta hag þeirra í áföngum. Lágmarksframfærslulífeyrir á einnig að miðast við lágmarksframfærslulífeyri einstaklinga sem enn eru á vinnualdri. Það verður einnig að minnka vægi tekjutenginga hjá þeim sem hafa lægst tekjurnar þannig að þeir tekulægstu standi ekki eftir með tekjur undir framærsluviðmiðum eftir að hafa greitt skatt. Tekjutengingar sem hafa búið um sig í velferðarkerfinu á Íslandi eru gagnrýndar og sérstaklegar hversu víðtækar tekjutengingarnar eru í lífeyriskerfinu. Tekjutengingarnar hafa það í för með sér að ef aðrar tekjur en lífeyristekjurnar til dæmis atvinnutekjur hækka, þá lækka lífeyrisgreiðslurnar (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Ein leiðin til þess að koma til móts við tekjulága aldraða einstaklinga er að tryggja sveigjanleika á vinnumarkaði á þann hátt að efnahagslegum og félagslegum þörfum aldraðra verði mætt. Nefnd um sveigjanleg starfslok sem var skipuð þann 9. maí árið 2000 lagði fram tillögur um að að hækka ætti heimilaðan eftirlaunaaldur upp í 72 ár (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Auk

Þess þurfi að knýja fram viðhorfsbreytingu í samfélaginu á atvinnuþátttöku aldraðra. Það þurfi að sýna fram á kosti þess að hafa eldri borgara á vinnumarkaði. Það þurfi einnig að vinna gegn mismunun og misrétti gagnvart eldri borgurum meðal annars við ráðningar. Það þurfi að halda í og auka starfshæfni og getu eldri borgara, hækka meðalaldur fólks við starfslok og bjóða upp á sveigjanleg starfslok (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003). Í aðgerðaáættun stýrihóps um málefni aldraðra var meðal annars mælt með að í fjárlögum ríkisstjórnarinnar árið 2004 verði þörfum aldraðra með lágar tekjur mætt. Og fylgst verði með hvernig Ísland stendur við skuldbingar sínar gagnvart Berlínarfundinum sem haldinn var árið 2002 (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 2003).

En ekki er nóg að tryggja að löggjöfin tryggi rétt aldraðra heldur þarf einnig að gæta þess aldraðir sjálfir þekki rétt sinn og hvert skuli leita til þess að fá upplýsingar og úrvinnslu sinna mála. Umboðsmaður Alþingis Tryggvi Gunnarson mælti fyrir því á fundi með Stjórnskipunnarnefnd Alþingis að stofnað skuli nýtt embætti, umboðsmaður aldraðra sem skuli hafa það hlutverk að sinna fyrirspurnum, ábendingum og kærum sem varða málefni aldraðra. Þangað geti aldraðir leitað sem telja að brotið hafi verið á rétti sínum. (Karl Garðarsson þingræða). Löggjöfin um málefni aldraðra er flókin og margir aldraðir hafa ekki getu til þess að gæta sinna hagsmuna sjálfir. Upplýsingar um réttindi og skyldur aldraðra eru ekki aðgengilegar á einum stað og er flækjustigið mikið í kerfinu. Af þeim sökum verða aldraðir oft af greiðslum úr kerfinu vegna þess að þeir hafa ekki sótt um greiðslurnar (Karl Garðarsson, 2016).

5 áhrif vinnuframlags aldraðra

Híróglífur fornegypta kunni enginn að lesa í yfir 3000 ár. Það breyttist ekki fyrr en franskur liðsforingi fann Rósettusteinninn nálægt ánni Níl í Egyptalandi. Hann sá að á steininum á framhlið hans voru híróglífur og þýðing þeirra til hliðar á grísku fornletri. Þar með tókst að þýða híróglífurnar og opnaði þar með Rósettusteinninn augu alheimsins fyrir sögu og háþróaðri menningu fornegypta sem var löngu gleymd (DeLong, 2004). Þekking fornegypta hafði gleymst og sýnir uppgötvun rósettusteinsins okkur hversu dýrmæt þekkingin er. Aldraðir voru oft í því hlutverki að færa þekkingu á milli kynslóða. Þekking er flókið fyrirbæri og kemur við sögu í flestum þáttum lífs okkar. Hún er mjög dýrmæt í veraldlegum skilningi, í samskiptum og getur komið í veg fyrir tjón, jafnvel alvarleg slys sem kosta mikla peninga, jafnvel mannlíf.

Í þessum kafla verður farið yfir áhrif vinnuframlags aldraðra, á þá sjálfa og samfélagið. Einnig mikilvægi þess að þekking færist á milli kynslóða, meðal annars í formi vinnuframlags aldraðra. Þar að auki farið yfir breytingar á velferðarkerfunum og hvernig þau eru að bregðast við hinum breyttu aðstæðum í aldursamsetningu í heiminum. Getur aukin atvinnuþátttaka aldraðara haft þau áhrif að réttindi þeirra séu skert, lífeyrisaldur hækkaður eða framlög ríkisins til lífeyris aldraðra minnki?

Að hætta að vinna felur í sér breytingar í lífi okka allra. Hvaða áhrif hafa þessar breytingar á líf aldraðra sem þurfa að leggja niður störf gegn vilja sínum.

5.1 Kostir fyrir samfélagið gera öldruðum kleift að stunda vinnu

Eftir því sem samfélagið verður flóknara verður þekkingin æ dýrmætari. Tæknilegar framfarir í þekkingarsamfélögum eru mjög hraðar. Flókinn tæknibúnaður og forrit eru stöðugt að uppfærast til þess að gera þau skilvirkari og hraðari til þess að mæta kröfum sífellt tæknivæddara samfélags. En einhvers staðar liggur grunnurinn að þessari tækniþróun. Eftir því sem fleiri lög af uppfærslum bætast ofan á verður grunnurinn að tækninni sífellt fjarlægari þeim sem eru að læra á búnaðinn í dag (DeLong, 2004). Þeir eldri og reynslumeiri sem hafa unnið við tæknibúnaðinn frá því hann var fyrst kynntur til sögunnar hafa djúpstæða þekkingu á virkni búnaðarins og eiga því auðveldara með að þekkja hann og vinna með hann. Þegar þessir eldri starfsmenn hætta sökum aldurs, kannski gegn þeirra vilja, þá taka þeir með sér dýrmæta þekkingu úr fyrirtækinu sem

glatast fyrir fullt og allt. Sem dæmi má nefna að tæknimaður sem vann við að framleiða stjórnborð fyrir ratsjár hjá stórfyrirtækinu Texas instruments var gert að leggja niður störf sökum aldurs. Nánast samstundis fór að bera á mikilli aukningu galla á færibandinu sem hann vann á. Teymi sérfræðinga var fengið til þess að greina vandamálið en urðu að stöðva framleiðsluna á meðan. Teyminu tókst ekki að greina vandamálið og fengu því tæknimanninn aftur til þess að aðstoða sig við að finna vandamálið. Hann var fljótur að finna lausnina en þegar hann vann við færibaldið hafði honum tekist að finna galla í leiðarvísinum sem sagði til um hvernig ætti að setja saman stjórnborðið. Hann leit fram hjá villunni og tengdi stjórnborðið saman á réttan hátt. Þessi tapaða þekking kostaði fyrirtækið um það bil 20 milljónir USD í sölutekjur og stór viðskiptavinur var nærri því búinn að segja upp viðskiptasamningi við Texas Instruments (DeLong, 2004).

Má nefna fjölmörg dæmi áþekk þessu þar sem hin glataða þekking sem fer út úr fyrirtækinu með starfsmönnum með háan starfsaldur, kostar fyrirtæki mikla fármuni og getur jafnvel aukið tíðni slysa. DeLong nefnir sérstaklega dæmi um sprengingu sem varð í olíuhreinsunnarstöð í Texas. Þegar tilfellið var rannsakað kom í ljós að verkfræðingurinn og þeir sem unnu í stjórnstöðinni höfðu allir unnið á staðnum í innan við eitt ár. Uppsagnir starfsmanna vegna aldurs til þess að lækka launakostnað höfðu skilið stjórnstöðina eftir í höndunum á reynslulitlum einstaklingum sem stórjók hættuna á alvarlegum mistökum (DeLong, 2004).

Einnig bendir margt til þess að kostir þess að hafa aldraða og reynslumikla starfsmenn í vinnu geti ekki einungis verið meira öryggi heldur lenda aldraðir síður í vinnuslysum en þeir sem yngri eru. Þeir eldri vinna þó hægar (Chow, 1997).

Dýrmæt þekking getur runnið bæði fyrirtækjum og samfélaginu úr greipum í formi starfsmanna sem þurfa að hætta sökum aldurs. Þetta á við um sérfræðinga sem búa yfir gríðarlegri þekkingu, verkfræðinga, eðlis- og efnafræðinga og flugvirkja. Þekkingin sem fer með þeim er ekki einungis verðmæt heldur einnig mjög dýr. Það tekur langan tíma að þjálfa upp nýtt starfsfólk og það kostar mikla peninga að gera það (DeLong, 2004). En þekking er ekki einungis takmörkuð við ákveðið verklag eða tæknikunnáttu. Þekking liggur einnig í samskiptum. DeLong nefnir sölumann sem hætti að vinna hjá matvælarisanum General mills sökum aldurs. Hann tók með sér þekkingu á viðskiptavinunum, hvernig væri best að nálgast þá, og kynna vöruna fyrir þeim. Starfsmannastjóri General mills lét hafa eftir sér að þessi glataða þekking þessa eina manns hafi kostað fyrirtækið milljónir dollara

(DeLong, 2004).

Ákveðin hugarfarsbreyting hefur átt sér stað varðandi atvinnuþátttöku aldraðra á þann hátt að framlag þeirra er metið meir að verðleikum. Aldraðir eru búnir að tileinka sér þekkingu og verklag yfir mörg ár. Aldraðir geta kennt yngri starfsmönnum, þeir eru þolinmóðari en þeir yngri og betri í að hafa samskipti við erfiða viðskiptavinum. Þeir eru ábyrgari, traustari og eru sjaldnar veikir en þeir yngri. Þar að auki spara þeir fyrirtækinu mikla fjármuni með því að fá að halda áfram að vinna. Þá þarf fyrirtækið ekki að eyða tíma og fjármunum í að þjálfa upp nýja starfsmenn (Shawn og Meekhof; Kim og Mangliers; Jitendra, og Mishra. 2014).

Títaninn Prómóþeifur í Grísku goðafræðinni reyndi alltaf að spá í framtíðina til þess að búa sig undir hvað gæti gerst á morgun, á næsta ári eða á næstu hundrað árum. Til þess að bregðast við þeim samfélagsbreytingum sem eru að eiga sér stað í dag þá getum við aftur leitað í fortíðina og sótt okkur þekkingu. Gullna öldin sem Prómóþeifur lofaði að myndi koma einn dag einkenndist af friði og stöðugleika. Fólk lifði lengi, var heilsuhraust og lifði gjöfulegu og innihaldsríku lífi. Í dag þá er horft á hækkandi lífaldur fólks og minnkandi fæðingartíðni sem vandamál í stað þess að líta á það sem tækifæri (World bank, 2015). Með því að halda fólki eins heilsuhraustu og hægt er og með meiri áherslu á forvarnir, heilsusamt lífverni og hvatningu fyrir fólk til þess að sniðganga áfengi, tóbak og óhollan mat er hægt að lækka kostnað heilbrigðiskerfisins gagnvart hinum öldruðu umtalsvert. Því lengur sem eldri borgarar eru heilsuhraustir og geta stundað lengur vinnu sína, því minni kostnaður lendir á heilbrigðiskerfinu, og getur þar að leiðandi aukið hagvöxt. Atvinnurekendur eiga líka að stuðla að því að gefa öldruðum kost á því að stunda vinnu lengur. Þó að afköst eldri borgara í vinnu gætu minnkað þá heldur þekkingin og verklagið áfram að þróast (World bank, 2015). Með því að aðlagða lífeyriskerfin og eftirlaunaaldurinn að hinum breyttu aðstæðum þá getur atvinnuþátttaka aldraðra stuðlað að meiri velsæld og aukið hagvöxt og hvatt fólk til þess að lifa heilbrigðara og athafnameira lífi. Auk þess gæti það stuðlað að því að kynslóðirnar myndu tengjast betur saman sem myndi auka miðlun þekkingar á milli kynslóðanna (World bank, 2015).

5.2 Staða aldraðra sem stunda vinnu.

Fyrir aldraða eru kostirnir við að vera í vinnu margir. Má þar nefna félagslega og fjárhagslega kosti. Þeir einstaklingar sem hafa lagt metnað sinn í að stunda vinnu sína eiga oft erfitt uppdráttar þegar þeir hætta að vinna. Sérstaklega ef þeir hafa engin áhugamál til þess að snúa sér að þegar þeir hætta að vinna. Þetta á oftast um karlmenn en konur. Hins vegar þá mynda konur sterkari og dýpri tengsl við vinnufélaga sína sem gerir þeim einnig erfitt fyrir félagslega að hætta að vinna (Kunemund og Kolland, 2007). Þetta á sérstaklega við konur í lægri stéttum, en þær virðast vera háðari stuðningi og félagsskap kvenkyns vinnufélaga sinna. Vinnan hefur verið þeim mikilvæg að því leyti að vera flótti frá fábrotu húsmæðralífinu (Kunemund og Kolland, 2007). Einnig eiga einstæðingar erfiðara uppdráttar eftir að þeir hætta að vinna vegna þess að vinnan hefur verið helsti vettvangur samskipta þeirra við annað fólk (Kunemund og Kolland, 2007). Starfsmenn sem þurfa að leggja niður störf sökum aldurs, gegn þeirra vilja upplifa að það sé tímaskekkja og ranglátt gagnvart fullfrísku fólki að neyða það til þess að hætta að vinna sökum aldurs (Áslaug Karen Jóhannsdóttir, 2018).

5.3 Ókostir fyrir samfélagið að gera öldruðum kleift að vinna.

Einn merkasti áfanginn í líf skjörum aldraðra á tuttugustu öldinni er hin gríðarlega fækkun aldraðra 65 ára og eldri sem glíma við fátækt. Árið 1960 var hlutfall fátækra í heiminum 65 ára og eldri 35% en árið 1995 varð það komið niður fyrir 10%. Þessi lækkun á tíðni fátæktar var meiri enn í nokkrum öðrum aldurshóp. Ástæðuna má finna í þeim félagslegu umbótum sem fylgdu eftirstríðsárunum en minnkun fátæktar meðal eldri borgara helst í hendur við það fjármagn sem var sett inn í félagslega kerfið. Mestu umbótatímar í félagslega kerfinu var á 7. og 8. Áratugnum en svo fór að hægja á umbótum og minna fjármagn fór að renna í félagslega kerfið á 9. og 10. áratugnum, en þá fór einnig að hægja á minnkun fátæktar meðal aldraðra (Engelhardt og Gruber, 2004). Það sem gerist hins vegar á 9. og 10. áratugnum er að á meðan hlutfall fátækra aldraðra stóð nokkuð í stað þá minnkar hlutfall fátækra 65 ára og yngri mikið. Hagur aldraðra vænkast ekki til jafns við yngri kynslóðir eins og raunin var á 6. og 7. áratugnum. Þetta er hægt að sjá með því að skoða þróun algildrar og afstæðrar fátæktar á milli þessara tveggja aldurshópa. Á 6. og 7. áratugnum fylgdist að hlutfall afstæðrar og algildrar fátæktar meðal eldri borgara. Hins vegar á 9. og 10. áratugnum stóð algild fátækt meðal eldri borgara í stað en hlutfall

afstæðrar fátæktar hækkaði (Engelhardt og Gruber, 2004). Þetta má skýra með muninum á mælingu algildrar og afstæðrar fátæktar, en algild fátækt er tiltekin upphæð sem dugir til lágmarks framfærslu á meðan afstæð fátækt er þegar tekjur einstaklinga eru undir 50% af miðgildi ráðstöfunartekna, hlutfall sem OECD notar (vísindavefurinn, e.d). Lífeyristekjur eldri borgara fylgdu ekki velmegun og launaþróun í samfélaginu á þessum tíma eins og þær höfðu gert áður(Engelhardt og Gruber, 2004). Lönd innan evrópusambandsins eru byrjuð að breyta lífeyriskerfum sínum vegna þeirra breytinga sem eru að verða í samfélaginu. Lífaldur fólks er að hækka sem setur meiri þrýsting á þau lífeyriskerfi sem fyrir eru. Aldraðir fá greiddan lífeyri í fleiri ár en áður. Þessar breytingar gera kerfin eins og þau eru í dag úrelt og ósjálfbær og þarf að endurnýja þau til þess að gera þau sjálfbær og stöðug (Naeyele, G og Walker, A. 2007).

Stefán Ólafsson (2012) bendir á að á a lífeyriskerfið á Íslandi hafi haft áhrif á afkomu ellilífeyrisþega á tímabilinu 1998- 2008, en hins vegar telja aldraðir sig hlunnfarna af því að bætt lífskjör þjóðarinnar á þessum tíma hafi ekki skilað sér til aldraðra. Tekjutengingar og breytingar á skattkerfinu spila þar inn í. Vinnan við að endurnýja lífeyriskerfin er afar flókin og þarf að líta til margra þátta, sérstaklega þegar lífeyriskerfin í löndunum innan evrópusambandsins eru mismunandi Stærsta breytingin á lífeyriskerfunum verður sú að aldraðir reiða sig ekki einungis á einn opinberan sjóð sem tryggir þeim framfærslu heldur blöndu af sjóðum til dæmis frá vinnuveitanda og sparnaði sem tryggir öldruðum tekjur. Þessar þrjár tegundir af lífeyriskerfum munu svo vinna saman í að tryggja öldruðum framfærslu, en einnig er horft til fleiri þátta til þess að létta þrýstingi af núverandi kerfum og er þá sérstaklega horft til atvinnuþáttöku aldraðra. Auk þess er til skoðunar að hækka lífeyrisaldurinn og bjóða upp á sveigjanleg starfslok eldri borgara (Naeyele, G og Walker, A. 2007).

Slæm fjárhagsleg staða aldraðra annars vegar vegna minni lífeyriritáttinda og hins vegar verri fjárhagsstöðu vegna alþjóðlega efnahagshrunsins árið 2008 hefur sett marga aldraða í þá stöðu að þeir þurfa að fresta því að fara á ellilífeyri vegna þess að þeir hafa ekki efni á því. 63% karlanna og 54% kvenna í Bandaríkjunum á aldrinum 50 til 61 árs segja að þau þurfa að fresta töku lífeyris vegna þess fjárhagslega skaða sem þau urðu fyrir í hruninu og til þess að geta staðið undir þeim fjárhaglsegu skuldbindingum sem þau hafa tekið, til dæmis húsnæðislánum(Shawn og Meekhof; Kim og Mangliers; Jitendra og Mishra. 2014). Velferðarkerfin spara líka mikla fjármuni á því að aldraðir vinni lengur og

fresti töku lífeyris vegna þess að réttindi þeirra skerðast á þann hátt að aldraðir sem fresta töku lífeyris fá lífeyrinn greiddan í færri ár (Shawn, o. Fl. 2014).

5.4 Staða aldraðra sem stunda ekki vinnu.

Einn liður í þeim breytingum sem fylgja því að leggja niður störf er félagsleg einangrun. Hana er hægt að mæla með fjölda tengsla sem hinn aldraði hefur. Einmanaleika má skilgeina á þann hátt að einstaklingnum líði eins og fjöldi þeirra samskipta sem hann á séu ekki nóg fyrir hann. Það er þó ekki endilega fjöldi þeirra samskipta sem hinn aldraði hefur heldur eru það frekar gæði samskipta hins aldraða við sína nánustu (Tilvis, Laitala, Routasalo og Pitkälä, 2011; Routasalo, Savikko, Tilvis, Strand-berg og Pitkälä, 2006; Coyle og Dugan, 2012). Félagsleg einangrun og einmanaleiki hafa verið rannsakaðir mikið undanfarin ár samfara vitundarvakningu um málefni aldraðra og má nefna dæmi um rannsókn sem gerð var á 4004 einstaklingum á aldrinum 65-84 ára í Hollandi, til þess að varpa ljósi á hvort félagsleg einangrun og einmanaleiki hefðu áhrif á dánartíðni hjá öldruðum. Niðurstöðurnar voru að enginn marktækur munur var á aukinni hættu á því að deyja og félagslegri einangrun, en þegar einmanaleikinn var skoðaður kom í ljós að einmanaleikinn jók líkurnar á dauðsfalli hjá eldra fólki (Holwerda o.fl., 2012). Einmanaleiki er tilfining sem getur orsakað mikla vanlíðan og fjöldi rannsókna sýnir fram á að einmanaleiki sé algengur meðal aldraðra og eykur líkurnar á skertum lífsgæðum (Gríma Huld Blængsdóttir, Pálmi V. Jónsson og Thor Aspelund, 2008). Rannsóknir hafa að auki sýnt fram á að einmanaleiki og félagsleg einangrun eykur hættuna á að einstaklingar þrói með sér hjarta og æðasjúkdóma, streitu, þunglyndi, sýkingar og vitglöp (Cornwell og Waite, 2009, Grenade og Boldy, 2008).

Margir aldraðir hafa misst ákveðin hlutverk eftir því sem aldurinn hækkar, til dæmis, hlutverk maka og þegar starfslokin bera að garði þá skapast oft mikið tómarúm í lífi fólks. Öldruðum gengur misvel að fylla upp í tómarúmið sem myndast þegar þeir leggja niður störf og einangrast aldraðir oft í kjölfar þess. Einangrun er algeng meðal aldraðra vegna þess meðal annars að ekkert bætir öldruðum upp missinn af samskiptum við vinnufélaga (Jón Björnsson, 1993). Vinnan er mikilvæg okkur vegna þess að hún er talin fullnægja grunnþörfum mannsins, vegna þess að hún heldur við og bætir þekkingu okkar og hæfni og er hefur einnig það félagslega hlutverk að veita okkur venskap. Margir vilja þess vegna halda áfram að vinna eftir að starfslokaaldri er náð. Það kom fram í könnun

sem Háskóli Íslands framkvæmdi árið 2016 á högum og líðan eldri borgara. Þátttakendur voru valdir með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og voru þeir 1800 talsins. Kom í ljós að 33% svarenda leist illa á að lífeyrisaldur yrði hækkaður úr 67 árum í 70 ár, og nær öllum sem voru spurðir, eða 97% töldu að það ætti að auðvelda þeim sem væru komnir á lífeyrisaldur að stunda vinnu. 16% aðspurðra eldri borgara stunduðu launaða vinnu, og voru karlmenn þar líklegri eða 25% á móti 9% kenna. 19% eldri borgara sem stunda ekki launaða vinnu langaði til þess að vera á vinnumarkaði (Háskóli Íslands, 2017).

Starfslok geta verið einstaklingum mjög mikill streituvaldur enda um miklar breytingar að ræða í lífi fólks. Þær geta verið fjárhagslegar, tímatengdar og heilsutengdar (Sterns og Gray, 1999; Hooyman og Kiyak, 2005). Starfslokin geta einnig endað áralangan vinskap vinnufélaga og þeir sem þurfa að hætta að vinna missa það stuðningsnet sem vinnustaðurinn hefur veitt starfsmönnum sínum, auk þess sem einstaklingurinn missir tilfinninguna að tilheyra einhverjum ákveðnum hópi sem getur leitt til þess að sjálfsmyndin minnkar og sjálfsálitið minnkar líka á sama tíma. Auk þess geta skapast árekstrar hjá hjónum vegna þess að þau þurfa að vera meira saman, þau þurfa að tileinka sér nýjan lífstíl og rúttínu í lífi sínu vegna þessara breyttu aðstæðna (Berglind Magnúsdóttir, e.d.). Aldraðir geta upplifað mikla breytingu á lífi sínu til hins betra við það að hætta að vinna. Þeir þurfa ekki lengur að mæta þeim áskorunum sem fylgja starfinu. Eldri borgarar sem eru hættir að vinna geta fundið fyrir meiri hæfni og tíma til þess að takast á við álag sem fylgir hinu daglega amstri í lífi þeirra. Tíðni þessa daglega álags er nokkuð há og getur valdið röskun á daglegu lífi fólks. Þetta álag getur einnig valdið kvíða og þunglyndi hjá öldruðum (Wong og Almeida, 2004).

6 Stuðningur samfélagsins við atvinnuþáttöku aldraðra.

Í þessum kafla verður horft til hvetjandi og letjandi þátta í samfélaginu sem geta haft áhrif á atvinnuþáttöku aldraðra.

6.1 Hvetjandi þættir fyrir atvinnuþáttöku aldraðra.

Vestræn samfélög munu breytast mikið á næstu árum og í raun er sú breyting þegar hafin. Til dæmis í Þýskalandi verða aldraðir 21,6% af heildarmannfjölda Þýskalands árið 2020. Það sama gildir um starfsmenn fyrirtækja og er talað um silfurrefaflóðbylgjuna á atvinnumarkaðnum. Þetta á ekki bara við í Þýskalandi heldur en í flestum vestrænum ríkjum. Í stað þess að líta á þessa þróun sem vandamál hefur þýski bílaframleiðandinn BMW litið á þessa þróun sem ákveðið tækifæri. Í stað þess að þvinga aldraða til þess að hætta að vinna þá hefur BMW ákveðið að koma til móts við aldraða á vinnustaðnum með því að aðlaga vinnuaðstæðurnar að þörfum þeirra, til dæmis að minnka líkamlega áreynslu. Til dæmis var stærra letur sett á tölvuskjáina, vinnufatnaður og verkfæri endurhönnuð til þess að gera vinnuna þægilegri. Þetta varð til þess að á einu færibandi þar sem þessar endurbætur voru prófaðar fyrst, að framleiðni jókst um 7%. Fjarvera minnkaði undir meðaltal fyrirtækisins og gallar í framleiðslunni minnkuðu niður í nánast 0%. Þessar breytingar eru afsprengi ákveðins hugarfars innan BMW samsteypunnar sem metur framlag aldraðra til fyrirtækisins. Aldraðir hafa meiri þolinmæði og gott verklag í gegnum margra ára reynslu sem fyrirtækið metur og sýnir það í verki að það vilji nýta starfskrafta aldraðra (Sunday morning, 2010)

Ef við lítum til Íslands þá hefur Tryggingastofnun frá og með 1. janúar 2018 boðið upp á möguleikann á því að lífeyrisþegar taki út 50% af ellilífeyrisgreiðslum til útborgunar hver mánaðamót á móti 50% lífeyri frá lífeyrissjóðunum að því gefnu að ákveðnum skilyrðum sé uppfyllt. Þau skilyrði eru að einstaklingur þarf að vera 65 ára og eldri, allir lífeyrissjóðir sem viðkomandi hefur greitt í yfir ævina samþykki greiðslu hálfes lífeyris, að samanlögð réttindi innan lífeyrissjóðakerfissins séu jafn há fullum ellilífeyri frá Tryggingastofnun og greitt sé frá báðum aðilum samtímis (Tryggingastofnun, e.d). Ef fólk ákveður að fá hálfan lífeyri greiddan út á móti sama framlagi frá lífeyrissjóðunum þá hefur það í för með sér að greiðslurnar eru ekki tekjutengdar og gildir einu hvort um sé að ræða atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur. Þar að leiðandi má lífeyrisþegi

stunda vinnu án þess að tekjur hans skerðist vegna töku ellilífeyris. Ef lífeyrisþeginn vill svo fá greiddan fullan lífeyri getur hann sótt um að breyta greiðslufyrirkomulaginu (Tryggingastofnun, e.d).

Í Bandaríkjunum þá er atvinnurekanda óheimilt að mismuna einstaklingum sem eru 40 ára og eldri á mörgum sviðum. Til dæmis þá má atvinnurekandi ekki breyta tilhögun eða aðtæðum í vinnu á þann hátt að það hafi neikvæð áhrif á þá sem eldri eru, hvort sem þeir eru í vinnu eða að sækja um vinnu. Auk þess má ekki tilgreina tiltekinn aldur í atvinnuauðgýsingum eða mismuna þeim sem eldri eru í atvinnuviðtölum og atvinnurekanda er óheimilt að nota aldur umsæjanda í hæfismat. Þar að auki er atvinnurekanda óheimlit að mismuna fólki eftir aldri þegar kemur að launum, tryggingum, veikindaleyfi, tækifæri til yfirvinnu og fleiri þátta. Auk þess má atvinnurekandi ekki mismuna eldri starfsmönnum þegar kemur að áminningum eða uppsögnum (EEOC, e.d).

Á Íslandi geta einstaklingar frestað töku ellifeyris allt að 80 ára aldri. Þá halda menn áfram að vinna sér inn réttindi á meðan þeir eru í vinnu eftir hinn venjubundna aldur, 67 ár, þar til einstaklingurinn ákveður að taka út lífeyrinn sinn (Tryggingastofnun, e.d).

Reykjavíkurborg gaf út árið 2017 stefnu í málefnum eldri borgara. Í stefnunni fólst ákveðin framtíðarsýn hvernig borgin gæti stutt við virkni og samfélagsþáttöku eldri borgara. Markmið stefnunnar var að Reykjavík yrði aldursvæn borg með því að bjóða upp á umhverfi þar sem aldraðir geta átt samskipti við aðra og notið sín. Reykjavík gæti haft jákvæð áhrif á lífsgæði og líðan aldraðra með því að stuðla að aukinni þáttöku aldraðra í félagslífi, sýnt þeim virðingu og félagslega viðurkenningu með virkri samfélagsþátttöku og auknum atvinnumöguleikum. Reykjavíkurborg tók þátt í verkefni Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar um aldursvænar borgir sem var liður í þeirri sýn að auka velferð eldri borgara í Reykjavík (Velferðarsvið reykjavíkurborgar, 2017).

6.2 Letjandi þættir fyrir atvinnuþáttöku aldraðra.

Árið 2009 var frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega 109.600 krónur, lífeyrissjóðstekna 27.400 krónur og fjármagnstekna 8220 krónur, sameiginleg upphæð var 145.220 krónur. Í ársbyrjun 2017 voru þessi þrjú tekjumörk sameinuð í einn flokk og sameiginlegt frítekjumark lækkað í 25.000 krónur (Harpa Njáls, 2017). Frítekjumarkið var lækkað gríðarlega þrátt fyrir fögur loforð stjórnámálanna um að hækka það aftur (Sigurjón M,

Eigilsson, 2017). En það var svo hækkað aftur upp í 100.000 krónur þann 1. Febrúar 2108 (tryggingastofnun, e.d). Ef frítekjumark atvinnutekna, 109.600. hefði verið hækkað samkvæmt vísitölu þá ætti það að vera í dag 138.016 krónur (Sigurjón M, Eigilsson, 2017). Hagur eldri borgara breyttist eftir hrúnið 2008, annars vegar vegna lægri fjármagnstekna og hins vegar vegna meiri skerðinga í bótakerfinu og hærri skatta á fjármagnstekur (Stefán Ólafsson, 2011). Þetta hafði mikil áhrif á afkomu eldri borgara og jókst hlutfall eldri borgara 70 ára og eldri sem áttu erfitt með að ná endum saman úr 20,6% árið 2008 í 28.8% árið 2010 (Stefán Ólafsson, 2011). Þessar skerðingar komu til vegna þess að árið 1992 var elli og örorkulífeyrir tekjutengdur á þann hátt að ef tekjur lífeyrisþegans, meðal annars atvinnutekjur fóru yfir ákveðið mark, þá skerti það lífeyrisgreiðslurnar samkvæmt ákveðnum viðmiðum og reglum (Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið,2003).

Þess ber að geta að í Noregi þá getur fólk sem er orðið 62 ára byrjað að fá greiddan ellilífeyri og unnið eins mikið og það vill eða því hentar án þess að lífeyririnn sé skertur. Þetta á reyndar aðeins við þegar fólk vinnur í einkageiranum eða er með sinn eigin rekstur. Lífeyriskerfið í Noregi er til endurskoðunar, og hefur norska ríkið átt í samningaviðræðum við verkalýðsfélög og samtök atvinnulífsins. Fastlega er búist við að opinbera kerfið verði gert líkara kerfinu í einkageiranum sem mun einnig gefa fólki 62 ára og eldra kost á að taka út ellilífeyrinn og stunda vinnu með (Nav.no, 2018). Þetta er einkum hugsað fyrir fólk sem vill lækka starfshlutfall sitt og halda tekjum sínum óbreyttum. Þetta hefur hins vegar í för með sér að ellilífeyririnn deilist niður á fleiri ár og verða því mánaðargreiðslurnar lægri (Nav.no, 2018). En fólk hefur kost á því að fresta töku ellilífeyris til allt að 75 ára aldurs og fá þá hærri mánaðargreiðslur þar sam það safnar upp hærri lífeyrisréttindum (Nav.no, 2018). Á Íslandi hins vegar þá eru tekjutengingar lífeyrisgreiðslna mun meiri en þekkist í öðrum löndum og fylgja þeim miklar skerðingar. Auk þess þá ver Ísland mun minni fjármunum til eftirlauna aldraðra en í öllum OECD ríkjunum (Harpa Njals. 2017).

7 Umræður.

Í þessum kafla verður efni ritgerðarinnar dregið saman og rannsóknarspurningum svarað.

7.1 Rannsóknarspurningu svarað: Hverjir eru kostir þess og ókostir að gera öldruðum kleift að stunda atvinnu?

7.1.1 Hverjir eru kostir þess fyrir samfélagið að gera öldruðum kleift að stunda launaða vinnu?

Kostir þess að hafa aldraða í vinnu fyrir samfélagið eru að þekking hverfur ekki úr fyrirtækjum þegar aldraðir þurfa að leggja niður störf. Sú þekking og verklag sem þeir hafa þróað með sér yfir starfsævina er gríðarlega verðmæt fyrir fyrirtækin og samfélagið í heild, hvort hún er í formi flókinnar tækni, verklags eða samskipta við annað fólk. Að hafa aldraða í vinnu tryggir fyrirtækjum meiri afköst, lægri kostnað við að halda við tækjabúnaði, að þjálfa upp nýtt starfsfólk og mynda tengsl við viðskiptavini. Þekking er einnig samfélögum mjög dýrmæt og að glata henni þýðir að það þarf að finna hana aftur upp á nýtt sem kostar gríðarlega fjármuni og tíma. Hærri ráðsöfunartekjur aldraðra gera þá einnig betur í stakk búna til þess að halda uppi hulduvelferðarkerfinu þar sem þeir leggja afkomendum sínum og nærstöddum lið þegar allar aðrar bjargir bresta. Það er einnig lýðheilsuáttal að leyfa öldruðum að vinna eins lengi og þá lystir vegna þess að vinnan heldur öldruðum heilbrigðari, félagslega virkari og hamingjusamari sem skilar sér í minni kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Atvinnuþátttaka aldraða gæti einnig stuðlað að því að kynslóðirnar myndu tengjast betur saman. Það gæti auk þess aukið skilning yngri kynslóða á öllu því sem aldraðir hafa fram að færa og dregið úr fordómum í garð aldraðra.

7.1.2 Hverjir eru kostir þess fyrir aldraða að stunda launaða vinnu?

Kostirnir eru aðallega félagslegir en vinnan heldur uppi ákveðinni rúttíu yfir daginn og er stuðningsnet og vettvangur samskipta sem eru fólki ákaflega dýrmæt. Þetta á sérstaklega við um konur sem mynda nánari og dýpri tengsl við vini og vinnufélaga. Fjöldi rannsókna sýnir fram á það að ef aldraðir vinna lengur eru þeir hamingjusamari, heilbrigðari og lifa lengur.

Fjárhagslegur ávinningur er einnig töluverður, en þeir geta aukið ráðstöfunartekjur sínar með því að fresta töku lífeyris fram til áttæðs ef þeir hafa helsu og vilja eða taka hálfan

ellilífeyri á móti fullri vinnu. Á þann hátt komast þeir hjá því að skerða lífeyrinn sinn. Margir aldraðir eru illa staddir fjárhagslega og þurfa að vinna til þess að geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Þegar fólk þarf að hætta að vinna vegna aldurs gegn vilja sínum getur það breytt lífi aldraðra umtalsvert og getur þessi reynsla í mörgum tilfellum verið neikvæð. Að segja skilið við vinnufélaga til margra ára og missa þau hlutverk sem vinnan veitti honum getur haft áhrif á sjálfsmynd hins aldraðra, að hann sé ekki eins mikilvægur og áður. Þetta getur aukið líkurnar á félagslegri einangrun og einmanaleika, en einmanaleiki eykur líkurnar á dauðsföllum og ýmsum heilsubrestum meðal aldraðra. Auk þess er vinnan ákveðið stuðningsnet fyrir fólk og heldur uppi ákveðnu skipulagi. Hins vegar þegar fólk þarf að hætta að vinna vegna aldurs gegn vilja þess raskast þetta skipulag. Það getur tekið hinn aldraða langan tíma að finna nýja rúttinu og aðlagast henni og bæta sér upp missinn við vinnuna og vinnufélagana.

7.1.3 Hverjir eru ókostir þess fyrir samfélagið að gera öldruðum kleift að stunda vinnu?

Samfara lægri fæðingartíðni og hækkun meðalaldurs þjóða hefur mikill þrýstingur skapast á velferðarkerfin í heiminum. Hækkun meðalaldurs hefur það í för með sér að aldraðir fá greiddan lífeyri í fleiri ár en áður og verður rekstur kerfanna dýrari. Barneignum fer fækkandi, undir það lágmark sem þarf að viðhalda mannfjölda, sem hefur það í för með sér að færri einstaklingar halda kerfinu uppi með framlagi sínu. Þetta skapar mikinn vanda og telja margir að lífeyrissjóðir verða ekki sjálfbærir, jafnvel ógjaldfærir. Mörg lönd eru þar að leiðandi farin að taka lífeyriskerfin til endurskoðunar. Stærsta breytingin er sú að aldraðir fá ekki greitt úr einum opinberum sjóði, heldur einnig vinnutengdum lífeyrissparnaði og sparnaði aldraðra sjálfra. Samhliða þessu er stefnan að hækka lífeyrisaldurinn og gefa öldruðum kost á að vinna meira. Þessir þættir vinna saman að því að skerða grunnréttindi aldraðra til framfærslu. Réttindum þessum hafa margir hagsmunaðillar til dæmis stéttarfélaög barist fyrir með harðfylgi í marga áratugi og mun sú barátta vera til lítils ef grunnréttindi aldraðra verða skert. Aldraðir væru settir í mun verri stöðu þegar fram líða stundir. Með aukinni atvinnuþáttöku aldraðra geta ríki notað það sem ákveðna réttlætingu til þess að skerða lífeyrirsréttindi aldraðra og hækka eftirlaunaaldurinn til þess að ná fram sparnaði.

7.1.4 Hverjir eru ókostir þess fyrir aldraða að stunda vinnu?

Það verður að horfa til þess hóps aldraðra sem vill leggja niður störf þegar þeir verða aldraðir. Sumir leggja niður störf fyrir 67 ára aldur. Þá geta skerðingar áunninna lífeyrisréttinda samhliða aukinni atvinnuþátttöku aldraðra sett þann hóp aldraðra sem kýs að hætta að vinna í verri fjárhagslega stöðu, samhliða minnkandi réttindum vegna endurskipulagningar lífeyriskerfanna. Þess vegna gætu þeir staðið verr að vígi en þeir gera í dag. Ef áherslan verður of mikil á atvinnuþátttöku aldraðra þá getur það einnig gefið yfirvöldum ástæðu til þess að hækka lífeyrisaldurinn og skert réttindi aldraðra sem ekki vilja vinna, eða ætlast til þess að þeir vinni lengur en þeir hafa vilja eða getu til. Það verður að horfa til hagsmuna þessara beggja hópa á sama tíma og gæta réttinda þeirra beggja. Það verður að vera valfrjálst fyrir aldraða að fresta töku lífeyris og halda áfram að vinna. Þeir mega ekki lenda í þeirri úlfakreppu að finna sig tilneydda til þess að vinna vegna þess að án atvinnu geta þeir ekki lifað mannsæmandi lífi.

Þegar einstaklingur öðlast þá skilgreiningu að vera eldri borgari gengst hann við þeim réttindum og skyldum sem eldri borgarar hafa samfara því regluverki sem hefur þróast í samfélaginu. Meðalaldur fólks í heiminum hefur verið á uppleið, en hann er núna 37 ár í Evrópu og Asíu og hefur hækkað um 8 ár síðustu sex áratugi. Á sama tíma er barneignum að fækka í heiminum. Þær voru 3,15 börn á hverja móður árið 1960 en voru komnar niður í 1,64 börn á hverja móður árið 2000 sem er ekki nægjanlegt til þess að viðhalda mannfjöldanum. Þvert á spár um mannfjölgun í heiminum er ljóst að í mörgum löndum mun fólki fækka á næstu áratugum, og ekki nóg með það heldur mun hlutfall aldraðra af heildarmannfjölda margra þjóða stórukast, sem hefur leitt af sér að öldrun hefur farið úr því að vera skilgreint sem einstaklingsbundið og félagslegt vandamál yfir í að vera alheimsvandamál.

Kenningar í öldrunarfræðum hafa endurspeglad hvernig þessi vandi hefur þróast og reyna þær að varpa ljósi á þau átök sem eiga sér stað innra með einstaklingnum þegar hann eldist og hvernig hann nær að leiða þau átök til lykta annars vegar á farsælan hátt

eða hvort að honum takist það ekki. Það er þá mögulegt að það muni marka efri ár hans með óhamingju og örvæntingu.

Öldrunarkenningarnar reyna líka að varpa ljósi á hvernig ferðalag einstaklingsins og samfélagsins í gegnum lífið gengur fyrir sig yfir ævina og hvernig það breytist þegar á efri árin er komið. Hvernig einstaklingurinn breytist úr því að vera einn múrsteinn í stólpanum sem heldur velferð samfélagsins uppi, í það að verða þyggjandi þess kerfis síðar á ævinni. Samfélagið hleypir hinum yngri að, tekur hlutverkin af hinum aldraða sem hann gegndi, og hann á því oft erfitt með að fylla aftur upp í þau hlutverk og veldur það meðal annars átökum sem fylgja innra með honum í kjölfarið.

Sumar kenningar ganga út á það að með hækkandi aldri minnki líkamlegt og vitsmunalegt atgervi sem reynt var að færa fók fyrir með meðal annars greindarprófum. Þó þau falli undir vísindalegar aðferðir þá er þessi kenning ekki á rökum reist. Hins vegar má segja að þetta viðhorf hafi engu að síður hlotið ákveðinn hljómgrunn vegna þess að það fellur heim og saman við tíðarandann í samfélögum þar sem æskudýrkun er allsráðandi. Þetta getur ýtt undir fordóma í garð aldraðra og aukið hættuna á að þeir verði jaðarsettir í samfélögum og verði gerðir að ákveðnum blóraböggjum þegar þrýstingurinn á velferðarsamfélagið eykst vegna fjölgunnar þyggjenda á kostnað þeirra sem halda því uppi. Þar með er þeim stillt upp á móti öðrum hópum samfélagsins.

Kenning Tornstam um öldrunarinnisæi kemur fram árið 1989 og má segja að hún sé björgunarhringurinn sem kastað var til eldri borgara þar sem Tornstam færir rök fyrir því að með hækkandi aldri öðlist einstaklingurinn nýja heildarsýn, lífsvisku og færi öldrunina úr því að vera vettvangur átaka á milli aldurshópa, átaka á milli einstaklingsins og samfélagsins og loks átaka innra með einstaklingnum yfir í að vera griðastaður fyrir hinn aldraða þar sem hann getur leitað inn á við, leitað í endurminningar bernskunnar og óttinn við dauðann er til lykta leiddur.

Hlutverk aldraðra í samfélaginu fyrr á tímum snérist að mestu leyti um aðstoð á heimilinu en áður fyrr bjuggu fleiri kynslóðir saman, oft þrjár en í dag eru það að mestu leyti tvær, foreldrar með börn sín. Aldraðir sinntu barnapössun, hinum ýmsu viðvikum og léttari bústörfum auk þess sem þeir voru í ákveðinni sérstöðu varðandi arf sinn og þá þekkingu sem þeir höfðu öðlast yfir ævina. Þetta gerði aldraða verðmæta einstaklinga fyrir afkomendur þeirra.

Í dag hefur hlutverk aldraðra breyst samfara þeim þjóðfélagslegu breytingum sem átt hafa sér stað. Aukin menntun yngri kynslóðanna hefur svipt eldri borgara því hluverki sínu að miðla þekkingu en á móti hefur þörfin fyrir starfskrafta eldri borgara ekki minnkað heldur breyst þó að það beri ekki eins mikið á því og áður. Skýringin á því gæti verið að þeir búa ekki lengur með afkomendum sínum heldur búa þeir oft einir. Meirihluti eldri borgara hefur tekið að sér barnapössun, stór hluti þeirra hefur aðstoðað afkomendur sína með vinnuframlagi og tæplega helmingur boðið afkomendum sínum að búa hjá sér í skemmri tíma. Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara er einnig gríðarlegur en tæplega 60% eldri borgara höfðu lánað eða gefið peninga. 15% eldri borgara höfðu lánað veð í fasteignum sínum til þess að létta öðrum róðurinn og greitt afkomendum sínum fyrirframgreiddan arf. Ef við setjum þessar tölur í samhengi við fjölda aldraðra, en þeir voru 12.8% þjóðarinnar árið 2011 þá er framlag eldri borgara til samfélagsins gríðarlegt. Það má með sanni segja að aldraðir reki hulduvelferðarkerfi þegar öll önnur kerfi opinbera velferðarkerfisins breyta.

Stefnumótun í málefnum aldraðra hefur endurspeglad þá viðhorfsbreytingu sem hefur átt sér stað í málefnum aldraðra og kemur það bersýnilega í ljós í atvinnumálum aldraðra. Þar er mikil áhersla lögð á efnahagslegt sjálfstæði eldri borgara, það sé ákveðinn grunnur að betri heilsu aldraðra. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á að aldraðir séu virkir þátttakendur í samfélaginu sem megi ekki fara á mis við þá þekkingu sem þeir hafa öðlast yfir ævina. Það gefur svo öldruðum til baka betri heilsu, meiri hamingju og meiri lífsgæði. Þess vegna má ekki meina öldruðum aðgengi að vinnumarkaðnum. Það þarf einnig að auka sveigjanleika vinnumarkaðarins að þörfum aldraðra vegna þess að það er hagur allra að aldraðir geti unnið eins og þá lystir. Aldraðir eru dýrmætur vinnukraftur og búa yfir kostum sem yngri og óreyndari starfsmenn hafa ekki og má þarf meðal annars nefna hæfni í samskiptum, þolinmæði, minni veikindi og mikla þekkingu sem og verklag.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin vekur sérstaklega athygli á öldrunarfordómum sem geta búið um sig í samfélögum ef aldraðir eru skilgreindir frá öðrum aldurshópum samfélagsins. Það séu siðferðileg rök sem mæla með því að allir hópar samfélagsins óháð aldri, kyni og litarhætti eigi að fá að njóta allra þeirra gæða sem samfélagið hefur upp á að bjóða, þar á meðal aðgengi að vinnumarkaðnum og tækifæri til þess að gefa af sér til samfélagsins.

Ísland hefur aðlagð stefnu sína í málefnum aldraðra samhliða ályktunum Sameinuðu þjóðanna, en markmið laga um málefni aldraðra á Íslandi er að gera öldruðum kleift að lifa eðlilegu lífi á sínu heimili eins lengi og kostur er, sjálfstæði þeirra sé virt og staða aldraðra gagnvart öðrum þjóðfélagshópum sé byggt á jafnrétti, meðal annars því að fá að stunda atvinnu. Auk þess að tryggja sveigjanleika á vinnumarkaði, til dæmis sveigjanleg starfslok og frestun töku ellilífeyris, þannig að efnahagslegum og félagslegum þörfum aldraðra verði mætt, og þeir sem fá lágar greiðslur úr almannatryggingakerfinu geti bætt hlut sinn með því að stunda vinnu. Til þess að þessari stefnu sé framfylgt þarf ákveðna viðhorfsbreytingu í samfélaginu varðandi atvinnuþáttöku aldraðra. Það þarf að sýna fram á kosti þess að hafa eldri borgara í vinnu og vinna gegn mismunun til dæmis við ráðningar.

Þessi vitundarvakning er þegar farin að bera árangur og má nefna mörg dæmi þar sem fyrirtæki sem koma til móts við þarfir eldri starfsmanna komast að því að ef þörfum þeirra er mætt þá leiði það til meiri framleiðni og hagnaðar hjá fyrirtækinu þar sem eldri starfsmenn geta nýtt þekkingu sína betur báðum aðilum til hagsbóta.

Mismunun í garð eldri borgara hefur víða verið mætt á þann hátt. Þannig háttar meðal annars til í Bandaríkjunum að óheimilt er að mismuna starfsmönnum 40 ára og eldri. Vinnuaðstæður mega ekki vera eldri starfsmönnum í óhag, ekki má tilgreina tiltekinn aldur sem sóst er eftir í atvinnuauðglýsingum eða nota aldur umsækjanda sem mælikvarða á hæfni eða mismuna starfsmönnum eftir aldri út frá veikindaleyfum, yfirvinnu og fleiri þáttum.

En margt má hins vegar betur fara til dæmis ef við horfum til Íslands þá var frítækjumark ellilífeyrisþega lækkað þvert ofan í ráðleggingar starfshóps Ingibjargar Pálmadóttur frá árinu 2000. Það var hækkað aftur eftir miklar óánægjuraddir eldri borgara en ekki var að fullu staðið við þær efndir sem lofað var. Auk þess eru skerðingar í bótakerfinu á Íslandi allt of umsvifamiklar og skerða lífeyrisgreiðslur ef eldri borgari ætlar að vinna samfara fullum lífeyri til þess að komast upp úr erfðri stöðu fjárhagslega.

Hins vegar má nefna að aldraðir geta tekið út hálfan ellilífeyri á móti því að vinna eins mikið og þeir vilja án þess að lenda í skerðingum tekjutenginga. Halda þeir einnig áfram að vinna sér inn réttindi til ellilífeyris á meðan þeir vinna við þetta fyrirkomulag. Verður það að teljast ákveðin bót í máli aldraðra.

8 Lokaorð

Aldraðir eru tengiliðir okkar á milli kynslóðanna og þess vegna er þekking þeirra mikilvæg. Þess vegna eigum við að bjóða þeim upp á aðstæður sem gera þeim kleift að miðla henni áfram í gegnum störf sín. Bestu aðstæðurnar til þess er vinnustaðurinn þar sem þeir vinna í kring um aðra sem meta þá að verðleikum á jafningjagrundvelli. Breyttar

aðstæður í heiminum þar sem öldrun er skilgreind sem vandamál setur aldraða í stöðu blóraböggla þar sem þeim getur verið kennt um hnignandi velferðarkerfi í heiminum og geta átt það á hættu að sæta fordómum og útskúfun. Öldrunarfordómar eru raunveruleiki og þá ber að taka alvarlega. Þess vegna er mikilvægt að ákveðin vitundarvakning eigi sér stað í samfélaginu sem vinnur gegn fordómum í garð aldraða og eykur skilning almennings á stöðu þeirra og hvernig þeir auðga samfélagið með framlagi sínu og þekkingu.

Við munum þurfa á öldruðum að halda. Þeir auðga samfélagið, geyma þekkinguna og miðla henni áfram. Aldraðir sem vilja vinna munu eiga þess kost á að vinna vegna þess að það verður fyrisjáanlegur skortur á vinnuafli í framtíðinni.

Öldrun er ekki alheimsvandamál, öldrun er tækifæri okkar til þess að virkja auð aldraða og okkur ber að koma fram við þá með þakklæti og virðingu. Hulduhagkerfið sem aldraðir bera á herðum sér verður seint metið til fjár og er það verðugt rannsóknarefni að rannsaka hversu miklu fjármagni það veltir á ári hverju og hversu mörgum einstaklingum það hjálpar. Af hverju að skerða réttindi og tækifæri aldraða til vinnu á meðan þeir gefa svo mikið af sér til samfélagsins? Aldraðir ættu að fá að vinna eins mikið og þá listir, ef þeir vija vinna og það ætti að afnema þær skerðingar sem minnka áunnin réttindi þeirra yfir ævina. Aldraðir yrðu betur í stakk búnir til þess að gefa af sér til afkomenda sinna. Þá værum við ef til vill að efna loforð títansins Prómóþeifs sem lofaði mannkyninu tíma friðar og stöðugleika. Aldur er allt of margbreytilegt og flókið fyrirbæri og því er ekki unnt að skilgreina aldur með einfaldri aðferðafræði eins og fjölda ára. Að skilgreina einstakling sem eldri borgara við 67 ára aldur og koma fram við hann eins og á þessum eina degi hafi hann misst réttindi sín og skyldur við samfélagið og eigi allt í einu að fara að haga lífi sínu á annan hátt en hann gerði áður er mjög ósanngjörn og ómannúðleg framkoma við einstakling sem hefur auðgað samfélagið gegnum lífshlaup sitt. Hver einstaklingur er einstakur og hefur sinn eigin persónuleika sem er í sífelldri þróun í lífshlaupi hans. Það

er í eðli mannsins að vera virkur eins lengi og hægt er og halda í fyrri lífsvenjur og athafnir. Atvinna er þar mikilvægur vettvangur.

Kvæðið barn eftir Stein Steinarr er gott dæmi um líf okkar. En í því er farið yfir lífshlaup manns sem hittir fólk á mismunandi tíma á ævi sinni. Fólk sé hann eldast og kemur fram við hann á mismunandi hátt en maðurinn er samt alltaf sama litla barnið. Litla barnið er sjálfið okkar. Sjálfið er það sem gerir okkur að þeim mannsekjum sem við erum. Hvað okkur finnst gott, vont, hverju við höfum gaman að og hverju við höfum áhuga á, hvort við viljum stunda vinnu eða ekki. Það breytist ekki, hversu gömul sem við erum, samfélagið ætti ekki að ætlast til þess af okkur að við segjum skilið við barnið í okkur, sjálf okkar, trú og sannfæringu til þess að lúta vilja samfélagsins. Því sama samfélagi og aldraðir tóku þátt í að byggja upp fyrir komandi kynslóðir.

Heimildaskrá:

- Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2016). Framlag eldri borgara til samfélagsins. Samanburður á niðurstöðum úr spurningalistakönnunum 2006 og 2016. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af: https://skemman.is/bitstream/1946/26875/1/framlag_eldir_borgar_-_samanburdur_2006_og_2016.pdf
- Amalía Björnsdóttir, Auður Torfadóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir. (2007). Skýrsla um framlag eldri borgara til samfélagsins: Niðurstöður spurningakannana. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt af: http://vefsetur.hi.is/srr/sites/files/srr/imagecache/forsidu_kassi/sites/SeinniFEBskyrslalok.2.pdf
- Áslaug Karen Jóhannsdóttir.(2018.3.maí). Ranglátt að neyða fólk til þess að hætta að vinna vegna aldurs. *Stundin*. Sótt af: <https://stundin.is/grein/6580/ranglatt-ad-neyda-folk-til-ad-haetta-ad-vinna-vegna-aldurs/>
- Berglind Magnúsdóttir (e.d.). Frjótt líf eftir starfslok. *BSRB*. Sótt af: <http://www.bsrb.is/utgafa.asp?ID=512>
- CBS. (2010. 9. maí) How BMW deals with an aging workforce. *Sunday morning*. Sótt af: <https://www.cbsnews.com/news/how-bmw-deals-with-an-aging-workforce/>
- Chow, N. (1997). The policy implications of the changing role and status of the elderly in Hong Kong. The university of Hong Kong. Sótt af: <http://ebook.lib.hku.hk/CADAL/B38630059.pdf>
- Cornwell, E. Y. og Waite, L. J. (2009). Measuring social isolation among older adults using multiple indicators from the NSHAP study. *The Journals of Gerontology Series B: Psychological Sciences and Social Sciences*, 64(1), i38-i46. doi:10.1093/geronb/gbp037.
- DeLong D.W.(2004). *Lost knowledge, confronting the threat of an aging workforce*. New York: Oxford university press.
- Engelhardt, G.V. og Gruber, J. (2004). *Social security and the evolution of elderly poverty*. National bureau of economic research. Massachusetts Avenue. Cambridge. USA. Sótt þann 3.4 2018 af: www.nber.org/papers/w10466.pdf
- Gríma Huld Blængsdóttir, Pálmi V. Jónsson og Thor Aspelund. (2008). Einmanakennd aldraðra sem njóta heimabjónustu. *Öldrun*, 27(2), 19-24. Sótt af: <http://www.hirsla.lsh.is/lsh/bitstream/2336/73778/1/O2008-02-27-G2.pdf>
- Hagstofa Íslands. (e.d.) Meðalaldur Íslendinga 1841-2018. Sótt af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00102.px/table/tableViewLayout1/?rxid=8fb8d69c-6aa2-4d3e-b6f5-b5ba9acf1b59

- Háskóli Íslands. (2017). Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi árið 2016. Sótt af: <https://sjornarradid.is/mrdia/verlferdarraduneyti-media/media/skyrslur/2016/hagir-eldri-borgara-2016.html>
- Hrafn Magnússon. (2008). Styrkur íslenska lífeyriskerfisins í alþjóðlegum samanburði. Landsamtök Lífeyrissjóða. Sótt af: https://www.lifeyrismal.is/static/files/old/Styrkur_isl._lifeyriskerfisins_HM.pdf
- Hagstofa Íslands. (2015. 1.September). Manntalið 2011. Eldri borgarar. *Hagtíðindi*. 3. Tbl 2015. Sótt af: https://hagstofa.is/media/49166/hag_150901.pdf
- Hagstofa Íslands. (2016). Frjósemi aldrei verið lægri en árið 2015. Sótt af: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi//faeddir-2015/>
- Hagstofa Íslands. (2017). Frjósemi aldrei verið minni en árið 2017. Sótt af: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/faedingar-2017/>
- Hagstofa Íslands. (2017.29. júní). Mannfjöldapróun 2016. *Hagtíðindi*. Sótt af: <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?1d=58377>
- Haider, S.J og Loughran, D.S. (2010). Elderly labor supply. Í Christensen, K. og Schneider B. (ritstjórar). *Workplace Flexibility: Realigning 20th-Century Jobs for a 21st- Century Workforce* London: Cornell University press.
- Harpa Njáls. (2017. 31. október). Harkaleg tekjutenging lífeyris og lágtekjumiðað samfélag. *Lífeyrismál.is*. Sótt af: <https://www.lifeyrismal.is/is/frettir/harkaleg-tekjutenging-lifeyris-og-lagtekjumidad-samfelag>
- Havinghurst, R. J. (2008). Successful Ageing. Í R. H. Williams, C. Tibbits og W. Donahue (ritstjórar). *Process of Aging* (bls. 299-310). London: Aldine Transaction.
- Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið. (2003). Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015. Reykjavík. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti/media/media/skyrslur/stefnum-aldradir.pdf>
- Holwerda, T. J., Beekman, A. T., Deeg, D. J., Stek, M. L., van Tilburg, T. G., Visser, P. J og Schoevers, R. A. (2012). Increased risk of mortality associated with social isolation in older men: Only when feeling lonely. Results from the Amsterdam Study of the elderly (AMSTEL). *Psychological medicine*, 42(04), 843-853. doi:10.1017/S0033291711001772
- Hooyman, N. og Kiyak. H. A. (2005). Productive aging, Paid and nonpaid roles and activities. Hooyman, N. og Kiyak. H. A. (ritstj.), *Social gerontology, a multidisciplinary perspective* (bls. 424-480). Boston: Allyn and Bacon.
- Ingunn Stefánsdóttir. (2009.) Er óparfi að kvíða ellinni. *Tímarit hjúkrunnarfræðinga*. 5(85). Sótt af: <https://www.hjukrun.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2843>

Igel, C. og Szydlik, M. (2011). Grandchild care and welfare state arrangements in Europe. *Journal of European Social Policy*, 21(3), 210–224.

Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Helgason, Benedikt Davíðsson, Jón Snædal, Hrafn Magnússon, Hrefna Sigurðardóttir, o.fl. (1999). *Ár aldraðra 1999*, Lokaskýrsla. Reykjavík: Framkvæmdastjórn árs aldraðra. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ar_aldradra/lokaskyrslan.pdf

Jón Björnsson. (2004.) Hvenær verður maður gamall. *Persóna.is*. Sótt af: <http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=72&pid=22>

Jón Björnsson (1993). Hvað er öldrun? Í Hörður Þorgilsson og Jakop Smári (ritstjórar). *Sálfræðibókin* (bls. 782-788). Reykjavík. Mál og menning.

Jung, C. (1960). The structure and dynamics of the psyche. *Collected works*. 8. Bindi. Oxford. England:Pantheon. Sótt af: <http://digitalcommons.fairfield.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1010&context=nursing-facultypubs>

Karl Garðarsson (2016.3.febrúar) Embætti umboðsmanns aldraðra. *Alþingi*.145. löggjafarþing. 73. Fundur. 14. Mál. Sótt af: <http://www.althingi.is/altext/144/s/1014.html>

Kart, C. S. (1997). Sociological theories of aging. *The realities of aging; an introduction to gerontology* (5. útg). Boston: Allyn and Bacon.

Kunemund, H og Kolland, F.(2007). Work and retirement. Í Bond, J Peace, S. Dittman, F. Westerhof,G (ritstjórar). *Ageing in society*. London: Sage publications, Ltd.

LaMascus. A.M, Bernard. M.A, Barry. P, Salerno. J, og Weiss.J. (2005). Bridging the Workforce Gap for Our Aging Society: How to Increase and Improve Knowledge and Training. Report of an Expert Panel. *Jornal of the American Geriatrics society*. Sótt af: <https://doi.org/10.1111/j.1532-5415.2005.53137.x>

Lög um almannatryggingar. Nr. 100/2007

Lög um erfðafjárskatt nr. 8/1962.

Lög um málefni aldraðra. Nr. 82/1989.

Lög um málefni aldraðra. Nr. 125/1999.

- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d). Réttindi aldraðra. Sótt af
[:http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinnahopa/aldradir](http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinnahopa/aldradir)
- Nav.no. (2018), Kombinere Jobb og alderspensjon. Sótt af:
<https://www.nav.no/no/Person/Pensjon/Alderspensjon/Relatert+informasjon/kombinere-jobb-og-alderspensjon>
- Naegele, G og Walker, A.(2007). Social protection: incomes poverty and the reform of pension systems. Í Bond, J Peace, S. Dittman, F. Westerhof,G (ritstjórar). Ageing in society. London: Sage publications, Ltd.
- Phillipson, C og Baars, J.(2007)Social theory and social ageing. Í Bond, J. Peace, S. Dittman, F. Westerhof,G(ritstjórar). Ageing in society. London:Sage publications, Ltd.
- Sigurjón M. Egilsson (2017. 25.október) Hafa lækkað frítekjumarkið um 115.000. Miðjan. Sótt af: <http://www.midjan.is/hafa-laekkad-fritekjumarkid-um-15-000/>
- Shawn, Meekhof; Kim, Mangliers; Jitendra, Mishra. (2014). Elderly workers in the workforce. *Advances i management*. 7(3) Sótt af:
<https://search.proquest.com/docview/1522791643?pq-origsite=gscholar>
- Stefán Ólafsson. (2011). Tekjur og afkoma lífeyrisþega 2007-2011. *Þjóðmálastofnun*. Sótt af: http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/tekjur_og_afkoma_lifeyristega_2007_til_2011.pdf
- Sigurveig H Sigurðardóttir.(2003).Vellíðan á efri árum-áhrifaþættir og stefnumörkum. *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. Í Friðrik H. Jónsson(ritstjóri). Reykjavík. Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2010). Skilnaður og jöfn búseta barna: Sýn ömmu og afa. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félags- vísindum XI*, félagsráðgjafardeild(bls. 49–59). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Tilvis, R. S., Laitala, V., Routasalo, P. E. og Pitkälä, K. H. (2011). Suffering from loneliness indicates significant mortality risk of older people. *Journal of Aging Research*. doi:10.4061/2011/534781
- Tornstram, L. (2005). *Gerotranscendence: A developmental theory of positive aging*. New York: Springer.
- Tornstam, L. (2011). Maturing into gerotranscendence. *Journal of Transpersonal Psychology*, 43(2). (Bls. 166). Sótt af: <http://www.atpweb.org/jtparchive/trps-43-11-02-166.pdf>
- Tryggingastofnun(2018). Breytingar á lífeyrisgreiðslum. Sótt af:
<https://www.tr.is/aldradir/ellilifeyrir-/breytingar-a-lifeyrisgreiðslum>

- Tryggingastofnun (2018). Hálfur ellilífeyrir og hálfur lífeyrissjóður. Sótt af:
<https://www.tr.is/ellilifeyrir/halfur-ellilifeyrir/>
- OECD. (2017). OECD pensions at a glance. Sótt af: http://www.oecd-ilibrary.org/social-issues-migration-health/pensions-at-a-glance-2017_pension_glance-2017-en
- U.S. Equal Employment Opportunity Commission. (e.d). Prohibited Employment policies/Practices. Sótt af: [read:https://www.eeoc.gov//laws/practices/](https://www.eeoc.gov//laws/practices/)
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. (2017). Reykjavík aldursvæn borg. Sótt af:
<https://reykjavik.is/reykjavik-aldursvaen-borg>
- Vísindavefurinn. (e.d). Er fátækt á Íslandi? Hvað er afstæð fátækt. Sótt af:
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5960>
- Wong, J,D, Almeida, D, M,(2012). The effects of employment status and daily stressors on time spent on daily household chores in middle aged and older adults. *The gerontologist*. 53 (1). Bls 82.
- World health organization. (2017). Developing an ethical framework for healthy ageing. Sótt af: <http://www.who.int/ethics/publications/ethical-framework-for-health-ageing/en/>
- World Bank. (2015). The promise of prometheus – golden aging in Europe and Central Asia. Sótt af: <http://www.worldbank.org/en/news/feature/2015/06/16/promise-of-prometheus-golden-aging-in-europe-and-central-asia>
- Þorsteinn Sæmundsson. (2017.15.12.). Fjárlög 2018. Alþingi.148. löggjafarþing, 3. Fundur. 1.mál.Sótt af:
<https://www.althingi.is/altext/raeda/148/rad20171215T183400.html>

Guðmundur Stefán Erlingsson

151078-4199

